VESTANPÓSTUR

Mars 2013 Útgefandi: Ísfirðingafélagið í Reykjavík 1. tbl. 25. árg.



9 772251 559002

Viðskiptavinir Landsbankans ánægðastir

Landsbankinn hefur breyst mikið í takt við nýja stefnu. Það er mikið gleðiefni að viðskiptavinir kunni að meta þessar breytingar. Samkvæmt Íslensku ánægjuvoginni eru viðskiptavinir okkar nú þeir ánægðustu á íslenskum fjármálamarkaði. Vinna okkar heldur áfram. Við ætlum að vera Landsbankinn þinn.

1. **Ný stefna og opnir fundir**
   Landsbankinn þinn - ný stefna kynnt á opnum fundum um allt land.
2. **Loforðalisti**
   28 loforðum um umbætur lokið um mitt ár. Allir starfsmenn skrifa undir siðasáttmála.
3. **Skuldalækkun - 23 milljarðar**
   Lækkun skulda 60 þúsund viðskiptavina. Einfaldari 110% leið, lækkun annarra skulda.
4. **Endurgreiðsla vaxta 2010-2012**
   Endurgreiðsla vaxta til skilvísra viðskiptavina, samtals 4,5 milljarðar.
5. **Endurskipulagning fyrirtækja**
   Endurskipulagningu 1.000 fyrirtækja lokið. Öll fyrirtæki í óskyldum rekstri seld.
6. **Ábyrgð í rekstri**
   Stór skref stigin til hagræðingar sem skila viðskiptavinum ávinningi til framtíðar.
7. **Nýjar og öflugar netlausnir**
   Aukið öryggi og bætt aðgengi í netbanka. Auðkennislykill óþarfur. Nýr farsímavefur.
8. **Efstur banka í ánægjuvoginni**
   Landsbankinn mælist efstur bankanna í Íslensku ánægjuvoginni með 62,9 stig.

Landsbankinn: Einkunn í Íslensku ánægjuvoginni og helstu aðgerðir bankans undanfarin þrjú ár



JÓNSSON & LE'MACKS • jl.is • SÍA

Landsbankinn landsbankinn.is 410 4000

VESTANPÓSTURINN

Útgefandi:

Bókabeitan ehf., Háteigsvegi 18, 105 Reykjavík

Ritstjóri og ábyrgðarmenn:
Edda Pétursdóttir og Jakob Falur Garðarsson.

Auglýsingar:
Einar Guðmundsson.

Prentvinnsla:
Oddi umhverfisvottuð prentsmiðja

Selt í smásölu, kr. 1.800
m.a. á www.panama.is

Blaðinu er dreift til félagsmanna

Stjórn Ísfirðingafélagsins 2012-2013:
Guðmundur Fr. Jóhannsson, formaður
Edda Pétursdóttir
Greipur Gíslason
Jakob Falur Garðarsson
Ólafur Sigurðsson
Rakel Sævarsdóttir
Sigurða Sigurðardóttir
Sigurður G. Sigurðsson

Forsíðumyndina tók Sigurjón J. Sigurðsson.

Áhugasamir um myndirnar hans Gústa ættu að skoða www.muses.is en þar er hægt að kaupa myndirnar hans.

Athugið að sækja um sumardvöl
í Sóltúnum sem fyrst,
eða fyrir 30. apríl.
Sjá nánar á
www.isfirdingafelagid.is

Guðmundur Fr. Jóhannsson, formaður:

Stöndum saman – hjálpumst að

Árið 1989 flutti ég frá Ísafirði, ég hef oft sagt að ég hafi ekki upplifað vetur síðan. Þegar ég tala um vetur í þessu tilefni á ég við vetur eins og ég þekki frá æskuárunum á Ísafirði. Stór stormur sem stóð í nokkra daga, snjó kyngdi niður allt varð kolófært og Ísafjörður lokaðist umheiminum í allar áttir í lofti, á láði og legi.

Það er alveg ótrúlegur munur á veðráttu eftir að komið er suður yfir Holtavörðuheiði. Fólk sem hefur ekki upplifað vetur norðan heiða gerir sér ekki grein fyrir hvernig alvöru vetur er.

Ég hef búið á höfuðborgarsvæðinu síðan ég flutti frá Ísafirði og helstu óþægindin við veturna hér eru erfiðleikar í umferðinni þegar gerir hríð eða kafald sem stendur þó sjaldnast lengur en nokkrar klukkustundir í einu. Erfiðleikarnir stafa þá mest af illa búnum ökutækjum sem stöðva umferðina, bílaraðir myndast um öll gatnamót og allt stendur fast eins hvimleitt og það er.

Um síðustu jól og áramót minnti vetur konungur Ísfirðinga rækilega á hversu öflugur hann getur verið þegar hann er í sem mestum ham. Gríðarlegu magni af snjó kyngdi niður á skömmum tíma, vegir lokuðust í allar áttir sökum ófærðar og snjóflóðahættu, flugsamgöngur féllu niður í nokkra daga og fólk sá varla milli húsa. Það er fátt sem stendur í vegi fyrir vetri konungi þegar þessi hamur er á honum. Eitthvað lætur undan slíkum ágangi, rafmagnslínur slitna, rafmagnsstaurar brotna, fólk þarf að yfirgefa hús sem eru á snjóflóðasvæðum, fyrirtæki stöðvast vegna rafmagnleysis og mikið fjárhagslegt tjón hlýst af auk óþægindanna fyrir íbúa samfélagsins meðan óveðrið geisar.

Björgunar- og hjálparsveitir landsins sem að mestu leyti eru skipaðar sjálfboðaliðum, og hafa lítið fjármagn til ráðstöfunar eru ómetanlegar við þessar aðstæður. Útköllin gera ekki boð á undan sér, oft vegna verkefna við mjög erfiðar og jafnvel háskalegar aðstæður, en jafnan eru þessir aðilar reiðubúnir að henda sér í björgunargallann og æða af stað til að bjarga okkur sveitungunum og samborgurunum.

Ein helsta fjáröflun björgunarsveita á hveru ári er sala á flugeldum. Vetur konungur raskar líka möguleika þessara sveita til fjáröflunar þegar þessi hamur er á honum. Ófærð og vont veður hefur þau áhrif að sala á flugeldum er minni en þegar aðstæður eru betri.

Fleiri fjáraflanir eru á vegum björgunarsveita til að standa straum af kostnaði við reksturinn til að hjálpa þegar kallið kemur.

Góðir Ísfirðingar og aðrir landsmenn sýnum björgunar- og hjálparsveitum landsins samhug í verki og hjálpum þeim að hjálpa okkur. Tökum vel á móti fjáröflunum þessara sveita og styrkjum þær til þeirra göfugu og þakklátu verkefna sem þau sinna.

Stöndum saman og hjálpum þeim að hjálpa okkur.

Kær kveðja
Guðmundur Friðrik Jóhannsson,
formaður Ísfirðingafélagsins.

Messa 2013

Hin árlega messa Ísfirðingafélagsins verður haldin í Neskirkju,
sunnudaginn 12. maí nk. kl. 14.00.
Prestur verður sr. Örn Bárður Jónsson.
Kirkjukór Ísfirðingafélagsins syngur.
Nýir og áhugasamir kórfélagar eru sannarlega velkomnir í kórinn. Hafið samband
við Þórhildi S. Sigurðardóttur í netfangið totla@simnet.is eða síma 8944237 og/eða
Báru Elíasdóttur í netfangið baraella@gmail.com eða í síma 8656374.
Að lokinni messu verður að vanda messukaffi í safnaðarheimili Neskirkju.

Aðalfundur 2013

Boðað er til aðalfundar Ísfirðingafélagsins í safnaðarheimili Neskirkju,
sunnudaginn 12. maí kl. 16.30, eða í kjölfar messukaffis.
Venjuleg aðalfundarstörf.

Vestanpósturinn í netsölu

Vestanpósturinn er seldur í hinni frábæru bókabúð, www.panama.is á netinu. Þar er
einnig hægt að fá eitthvað af eldri árgöngum. Sjá nánar á www.panama.is

Samspil sögu og sköpunar

Þegar ég hugsa til Ísafjarðar þá kemur upp í hugann hlýr faðmur, hvort sem er í logni eða stormi, litirnir sem koma í hugann eru aðallega hvítur og blár, áferðin er bæði spegilslétt og úfin.

Árstíðirnar spila stórt hlutverk og hefðir í kringum þær. Skíðavikan hefur alltaf verið fastur punktur í tilverunni. Dagskrá alla daga á dalnum. Nú er breyttur dalur, stundum snjór og stundum ekki snjór. Hefðir breytast, stundum af sjálfu sér en oftar vegna skapandi krafta sem framtaksamir einstaklingar láta verða að veruleika eins og sjá má í tónlistarhátíðinni Aldrei fór ég suður sem er orðinn órjúfanlegur partur af Skíðaviku. Westfjord ArtFest er annar skapandi karftur sem er að festa sig í sessi og má lesa um í blaðinu. Sköpunarkrafturinn í ólíkri mynd birtist á síðum blaðsins, m.a. í viðtölum Elísabetar Þorgeirsdóttur við Guðbjörgu Kristínu Ingvarsdóttur gullsmið og skartgripahönnuð og Guðrúnu Kristínu Sveinbjörnsdóttur fatahönnuð. Við kynnumst Þórdísi Egilsdóttur lista-og handverkskonu, en hún bjó öll sín fullorðinsár á Ísafirði og verk eftir hana voru sýnd víða, m.a. á Heimssýningunni í New York árið 1939. Ljósmyndarinn Jón Aðalbjörn leyfir okkur að kíkja í fjársjóðskistu sína og að vanda er hún full af gleði, í ár leynist þar einnig getraun fyrir glögga lesendur. Í viðtali sem fyrst birtist í jólablaði Vísbendingar 2012 og við fengum góðfúslegt leyfi til að birta, rekur Jón Páll Halldórsson sögu merkra bygginga á Ísafirði. Hann segir m.a. frá framsýni

Edda Pétursdóttir.

fáeinna heimamanna og þrautseigju sem varð til þessa að eina samstæða þyrping verslunarhúsa frá tímum danskrar einokunar hefur varðveist á Íslandi. Húsaþyrpingin í Neðstakaupstað sem er helsti fjársjóður og aðdráttarafl Ísafjarðar. Leiklistaralbúm undirritaðrar er opnað lesendum og þar er að finna mörg kunnugleg andlit í ýmsum gervum. Ljóðstaf Jóns úr Vör hlaut í ár Ísfirðingurinn Magnús Sigurðsson og veitti hann leyfi til að birta vinningsljóð sitt í blaðinu. Við mælum einnig með nokkrum áhugaverðum bókum sem allar komu út á síðasta ári og tengjast Ísafirði á einhvern hátt. Það má því með sanni segja að saga og sköpun eigi stóran sess í blaðinu. Og sannfærist ég ætíð meira um að gott samspil þess að varðveita söguna og að skapa nýtt færi samfélög í átt til auðsældar.

Fastir þættir úr starfi félagsins eru í blaðinu á sínum stað þó ólíkir séu frá ári til árs. Á Sólkveðjuhátíðinni flutti Kristján G. Jóhannsson erindi um bók sína *Vertinn á Uppsölum og kaupmannsdóttirin*, sem fjallar um ættir og lífshlaup foreldra hans, Jóhanns Júlíussonar frá Atlastöðum í Fljótavík og Margrétar Leósdóttur frá Ísafirði og gefur hann okkur innsýn í nokkra kafla bókarinnar. Frú Agnes Sigurðardóttir, biskup Íslands, flutti prédikun í messu félagsins sl. vor. Hún var þá nýkjörin biskup, fyrst kvenna en hafði ekki tekið við embættinu. Nú geta þeir sem ekki höfðu tök á að vera við messuna lesið prédikunina. Á Sólarkaffinu í ár var ræðumaðurinn Hrólfur Ólafsson og geta lesendur hlegið, jafnvel aftur og enn meira af sögum af litskrúðugum persónum úr sagnasjóði Hrólfs.

Margir koma að útgáfu Vestanpóstsins og er starfið meira og minna unnið í sjálfboðastarfi. Það léttir róðurinn hvað fólk tekur vel í erindi okkar og er velviljað að senda okkur efni og myndir, fyrir það verður seint fullþakkað. Ef þið liggið á góðum hugmyndum að efni í blaðið sendið okkur endilega línu.

Hár og brattur faðmur fjallanna, blámi hafsins, hvít snæviþakin ströndin, spegilsléttur pollur og úfið djúp. Þetta er bærinn okkar, Ísafjörður.

Gleðilega páska.
Fyrir hönd ritstjórnar,
Edda Pétursdóttir

WÜRTH

Wurth á Íslandi ehf.
wurth@wurth.is
www.wurth.is
Sími: 530 2000
Freyjunesi 4
603 Akureyri

4 verslanir

Vesturhrauni 5
210 Garðabæ
Bíldshöfða 16
110 Reykjavík
Smiðjuvegi 11
200 Kópavogi

1 RISADAGUR – 3 RISALEIKIR

EINN MIÐI – ÞREFALDIR MÖGULEIKAR

A

AÐALÚTDRÁTTUR

70.000.000

Í Aðalútdrætti vinna um **3.000** manns allt frá 5 þúsund krónum upp í **25 milljónir**. Að meðaltali eru um **74 milljónir** greiddar út.

10

MILLJÓNAVELTAN

10.000.000

Í **Milljónaveltunni** drögum við út **10 milljóna** vinning sem hækkar um aðrar **10 milljónir** í næsta mánuði ef hann gengur ekki út.

1

MILLJÓN Á MANN

5 x **1.000.000**

Í **Milljón á mann**, fá **5 heppnir** vinningshafar **eina milljón** króna. Aðeins er dregið úr seldum miðum.

Stóri dagurinn

Um 3.000 vinningar greiddir út

Nú drögum við í öllum leikjum happdrættisins á einum og sama deginum, í stað tveggja daga í mánuði áður.

Tryggðu þér miða á www.hhi.is, í síma 563 8300 eða hjá næsta umboðsmanni.

HAPPDRÆTTI HÁSKÓLA ÍSLANDS

Vænlegast til vinnings

PIPAR\TBWA • SÍA • 130145

Viðtal: Elísabet Þorgeirsdóttir
Myndir úr einkasafni Guðbjargar K. Ingvarsdóttur

Vestfirskar háfjallaplöntur veittu innblástur

Guðbjörg Kristín Ingvarsdóttir býr ásamt manni sínum Karli Jóhanni Jóhannssyni og þremur dætrum í Vesturbæ Reykjavíkur. Hún er nú í fæðingarorlofi en yngsta dóttirin, Ingibjörg Æsa er aðeins þriggja mánaða. Eldri dæturnar, Ásgerður Diljá 16 ára og Kara 10 ára, eru báðar nemendur í Landakotsskóla og æfa ballet af kappi í Listdansskóla Íslands. Þegar blaðamaður hitti Guðbjörgu að máli var hún að fara með fjölskylduna daginn eftir í skíðaferð til Akureyrar en þau Karl Jóhann kynntust í MÍ á sínum tíma. Hann er frá Ólafsvík en valdi Mennntaskólann á Ísafirði vegna þess að þar var hægt að komast á skíði.

Þau hjón hafa unnið saman í Aurum frá því að fyrirtækið stækkaði um svipað leyti og bankahrunið varð. Karl er með MBA próf og meistarapróf í stjórnun fyrirtækja. Hann hafði áður unnið sem framkvæmdastjóri í öðrum fyrirtækjum og sá einnig um fjármál Aurum en færði sig alfarið þangað árið 2010. Þar vinna nú átta manns að staðaldri og tólf yfir sumartímann. „Árið 2003 fluttum við fyrirtækið í lítið rými á milli blómabúðar neðst í Bankastræti og ljósmyndavöruverslunar Hans Petersen," segir Guðbjörg. „Þegar blómabúðin hætti 2008 tókum við það rými yfir og stækkuðum búðina með því að rífa niður vegg. Þegar Hans Petersen hætti svo ári seinna ákváðum við að stofna lífsstíls- og hönnunarbúð og opna á milli í hina áttina. Mig hafði lengi langað til að opna verslun með fallegum vörum inn á heimilið og við vildum líka tryggja að ekki kæmi í þetta húsnæði starfsemi sem ekki passaði við okkar rekstur."

Guðbjörg og Karl hafa bæði setið í Miðborgarstjórn og vilja þannig leggja sitt af mörkum við að byggja upp fallegan miðbæ. „Í miðbænum er rekin fjölbreytt starfsemi alls kyns fyrirtækja sem verða að lifa hlið við hlið. Auðvitað finnum við stundum fyrir því hvað næturlífið er skrautlegt í götunni en við þrífum þá bara gangstéttina ef þess þarf áður en ferðamennirninr fara á stjá," segir Guðbjörg og brosir. „Við finnum mjög fyrir auknum straumi ferðamanna til landsins árið um kring og nálægðin við tónlistarhúsið Hörpu hefur líka gert okkur gott. Mamma hefur unnið í búðinni frá því við stækkuðum hana og sér nú alveg um skartgripadeildina," segir Guðbjörg svo segja má að fjölskyldan sameinist í fyrirtækinu.

Námskeið í skartgripahönnun kveikti neistann.

Mamma Guðbjargar er Ásgerður Halldórsdóttir sem oftast er kölluð Geia og pabbi hennar er Ingvar Einarsson fyrrverandi kennari og skólastjóri Árbæjarskóla, sonur Einars Ingvarssonar bankastjóra og Herdísar Jónsdóttur. „Þegar ég var 4 ára kynntist mamma Jóhanni Alexanderssyni frá Ármúla, fósturpabba mínum. Þau eiga tvo syni og við bjuggum alltaf á neðri hæðinni í húsi ömmu og afa á Austurvegi 13, þeim Guðbjörgu Bárðardóttur kennara og Halldóri Gunnarssyni hafnarverði. Þar var gott að alast upp. Ég á líka tvö hálf-

Segja má að Bankastrætið sé andlit Reykjavíkur sem verslunarborgar en á þessari stuttu götu reka tvær ungar, ísfirskar konur verslanir með eigin hönnun og hafa vakið verðskuldaða athygli fyrir verk sín. Þetta eru þær Guðbjörg Kristín Ingvarsdóttir gullsmiður og skartgripahönnuður, eigandi Aurum ehf. og Guðrún Kristín Sveinbjörnsdóttir fatahönnuður og eigandi GuSt ehf. Vestanpósturinn hitti þær að máli og bað þær að segja frá fyrirtækjum sínum og því sem liggur að baki velgengni þeirra. Báðar segja þær að ræturnar á Vestfjörðum skipti þær miklu máli og komi fram í sköpun þeirra. Þeim finnst líka mikilvægt að viðhalda tengslunum við æskustöðvarnar með því að fara reglulega þangað í heimsókn.

Guðbjörg Kristín Ingvarsdóttir ásamt manni sínum Karli Jóhanni Jóhannssyni frá Ólafsvík og dætur þeirra, Kara 10 ára og Ásgerður Diljá 16 ára sem heldur á Ingibjörgu Æsu þriggja mánaða.

systkin Ingvars pabba megin en hann er giftur Ragnhildi Jónsdóttur sem er dóttir Jóns Karls Sigurðssonar og Steingerðar Gunnarsdóttur."

Námskeið í skartgripahönnun kveikti neistann

En hvernig stóð á því að Guðbjörg fór að læra gullsmíði?

„Árið 1987 fór ég sem skiptinemi til Bandaríkjanna, til Bainbridge Island nálægt Seattle. Þar fór ég á námskeið í skartgripagerð og fann að þetta vildi ég gera að ævistarfi. Síðan hef ég verið að smíða og hanna skartgripi. Að Bandaríkjadvölinni lokinni komst ég fyrst á samning hjá Dýrfinnu Torfadóttur og svo þegar ég flyt suður fór ég á námssamning hjá Önnu Maríu í Pyrit. Ég fór síðan til Kaupmannahafnar og lauk sveinsprófi í gullsmíði við Copenhagen polytechnic skólann þar í borg 1993. Ári seinna tók ég meistararéttindi í gullsmíði frá Iðnskólanum í Reykjavík og lærði síðan skartgripahönnun við Institute for precious Metals í Kaupmannahöfn. Þar stofnaði ég fyrirtækið Au-Art ásamt nokkrum ungum hönnuðum og byrjaði að þróa minn eigin stíl og

Skartgripir hannaðir út frá glerlistaverkum Gerðar Helgadóttur unnir í samvinnu við Gerðarsafn.

selja skartgripi. Ég fékk gott tækifæri til að þróa mig áfram þegar ég fékk árið 1997 sex mánaða danskan ríkisstyrk. Það skiptir miklu fyrir unga hönnuði að fá slíka viðurkenningu og hvatningu."

Guðbjörg segir að í byrjun hafi hún unnið út frá hugtakinu kraftur og hafi verið með íslenska náttúru í huga. Gripirnir hafi verið frekar dökkir á þeim tíma en eftir að hún eignaðist fyrsta barnið 1997 hafi það sem hún hannaði orðið léttara og þá hafi þrívíði stíllinn sem er einkenni hennar byrjað að þróast. Silfur og gull voru aðal efniviðurinn en seinna bætti hún bronsi og kopar við. Eftir því sem lengra hefur liðið á starfsferilinn hefur Guðbjörg gert tilraunir með ný og fjölbreytt efni.

Áhrif frá vestfirskri náttúru

„Við fluttum heim árið 1999," heldur Guðbjörg áfram að lýsa upp-

Þátttaka í sýningum er eitt af því sem skartgripahönnuður þarf að gera vilji hann halda nafni sínu á lofti. Guðbjörg tekur að jafnaði þátt í tveimur til þremur sýningum á ári, út um allan heim.

byggingu fyrirtækisins. „Ég byrjaði þá á að opna verkstæði og litla búð í bakhúsi við Laugaveg og vann ein við að smíða skartgripi og selja. Þetta gekk bara vel og nokkru seinna gat ég ráðið gullsmið til starfa með mér og einbeitt mér að því að hanna. 2003 opnaði ég litlu búðina í Bankastræti en var með verkstæðið á Klapparstíg. Það fór síðan niður í Bankastræti þegar við stækkuðum."

En hvaðan fær Guðbjörg innblástur og hugmyndir að sköpun sinni?

„Þegar við bjuggum í Danmörku fórum við einu sinni í heimsókn vestur þar sem foreldrar mínir eiga sumarbústað skammt frá Ármúla sem þau kalla Kuldaklett. Þá varð ég fyrir sterkum áhrifum af háfjallaplöntunum sem eru svo kraftmiklar fyrir vestan og fór að hanna skartgripi með þessar sérstöku plöntur í huga. Ég hugsaði líka um döggina sem sest á lággróðurinn á nóttunni og hún veitti mér innblástur. Fyrst bjó ég til stór sýningarstykki sem síðan þróuðust yfir í minni gripi. Þessi áhrif voru upphafið að skartgripalínum sem bera íslensk kvenmannsnöfn og í eru hálsmen, hringar, armbönd og eyrnalokkar. Allt er þá hannað út frá sömu hugmynd og gripirnir skapa eina heild en standa líka sem sjálfstæð verk. Línur sem eru undir áhrifum íslenskra plantna heita Blær, Heiða, Dögg og Ísold. Í línu sem ég kalla Agla sé ég fyrir mér ævintýralega mynd í íslenskri náttúru – lyngbreiðurnar í kringum bústaðinn okkar fyrir vestan. Hann er mér ómetanlegur griðastaður og þangað sæki ég frið og kraft. Seinna hannaði ég línu sem heitir Svala og sækir innblástur í lögun og hreyfingar fiðrildisins.

Ég hef líka hannað skartgripi út frá glerlistaverkum Gerðar Helgadóttur og vann þau verk í samvinnu við Gerðarsafn. Ég vann út frá verki sem heitir "Brámáni" fannst það vera áskorun að koma formi hans í þrívídd. Í skúlptúrum Gerðar er mikið um snúning í formi og mér fannst áhugavert að geta tengt skúlptúrtímabil hennar við gluggatímabilið og geta unnið með hvort tveggja í hönnun skartgripalínunnar.

Bústaðurinn Kuldaklettur við Ármúla er Guðbjörgu ómetanlegur griðastaður og þangað sækir hún frið og kraft. Hér er Guðbjörg í fjörunni við Ísafjörð í Djúpinu með Ásgerði Diljá og Köru.

Tvær til þrjár sýningar á ári

Þátttaka í sýningum er eitt af því sem skartgripahönnuður þarf að gera vilji hann halda nafni sínu á lofti og segist Guðbjörg taka þátt í tveimur til þremur sýningum á ári. Listinn yfir sýningarnar er orðinn langur og er frá árinu 1995 þegar hún var enn í námi. Hún hefur tekið þátt í mörgum sýningum í Danmörku, Svíþjóð, Þýskalandi og Íslandi en hefur einnig sýnt í Hollandi, Ítalíu, Frakklandi, Rússlandi, Bandaríkjunum, Englandi og Japan. Hún hefur líka fengið viðurkenningar fyrir vinnu sína og segir að það hafi verið sér mikil hvatning þegar hún fékk Menningarverðlaun



Náttúran og íslenskar plöntur veita Guðbjörgu innblástur, kraftmiklar háfjallaplöntur, döggin á lággróðrinum og lyngbreiðurnar.

Tilbúin að fara á Seljalandsdalinn. Guðbjörg með bróður sínum á tröppunum við Austurveg 13 þar sem hún ólst upp.

DV árið 2000 og Sjónlistaverðlaunin árið 2008. Hún fékk einnig fyrstu verðlaun á sýningunni Spirit of the North í Pétursborg árið 2001.

„Núna er ég með verk á sýningu í Finnlandi og fór nýlega til Parísar vegna sýningar. Það var eftir að Ingibjörg Æsa fæddist og ég tók hana bara með mér. Hún er því byrjuð að ferðast á milli landa þó ung sé," segir hún og hlær. „Framundan er svo Hönnunar Mars sem ég tek alltaf þátt í og sýni í búðinni minni. Í ár mun ég sýna skartgripi sem ég hef hannað en konur í Afríku vinna. Þetta er samvinnuverkefni á milli mín og félagsins ENZA. Markmið ENZA er að stuðla að atvinnuskapandi uppbyggingarstarfi fyrir konur í fátækrarhverfum Suður –Afríku og verða skartgripirnir seldir til stuðnings samtökunum.

Lífsstíls- og hönnunarbúð

En hvað varð til þess að Guðbjörg og Karl ákváðu að færa út kvíarnar og opna lífsstíls- og hönnunarbúð?

„Mig hafði lengi dreymt um að geta kynnt fyrir Íslendingum ýmsa smáhluti sem ég hafði séð á ferðum mínum um heiminn og voru ekki til hér á landi. Þetta voru meðal annars hlutir sem ég hafði séð í Japan og öðrum Asíulöndum. Þegar Verslun Hans Petersen lokaði ákváðum við að taka áhættuna og þetta hefur gengið ótrúlega vel og byggst hratt upp. Í búðinni seljum við alls kyns hönnunarvörur, bæði smávöru og skrautmuni til heimilisins, einnig frönsk ilmvötn frá L´artisans perfumeur, afríska skartgripi og finnsk-íslenskan borðbúnað úr postulíni sem hefur orðið mjög vinsæll. Aurum borðbúnaðurinn er framleiddur í samstarfi við finnska hönnunarteymið Elinno og Stellin og er unnin útfrá tveimur einkennandi skartgripalínum Aurum; Dögg og Heklu.

Að lokum er Guðbjörg spurð hvort hún fari oft til Ísafjarðar?

„Ég fer sjaldnar vestur eftir að mamma og pabbi fluttu suður árið 1999. En þegar við förum í sumarbústaðinn reyni ég að skreppa líka til Ísafjarðar. Nánum skyldmennum hefur reyndar fækkað á Ísafirði, það er eiginlega bara Kolla móðursystir mín sem er eftir þar. Vonandi verða tækifærin fleiri á næstunni til að heimsækja Ísafjörð."

Vorverkefni Litla leikklúbbsins

verður að þessu sinni fjörugt söngvashow. Mun andi dansleikjanna í Gúttó svífa yfir vötnum. Böllin með Ásgeiri og félögum, Villa Valla, Gancia, BG og fleiri hljómsveitum rifjuð upp með tali og tónum.

Leikgerð er í fullum gangi á vegum félaga LL. Vinnuheiti á sýningunni er „Böllin í Gúttó"

Frumsýning 23. mars kl 21:00. Sýning á skírdag og föstudaginn langa kl 21:00. Aðrar sýningar verða auglýstar síðar. Sýnt er í Edinborg.

N1 KORTIÐ
SKILAR SPARNAÐI OG PUNKTUM UM ALLT LAND!

Sæktu um kort á n1.is

Ert þú að missa af þínum ávinningi?

1 PUNKTUR = 1 KRÓNA
Í VIÐSKIPTUM VIÐ N1

Viðtal: Elísabet Þorgeirsdóttir
Myndir úr einkasafni Guðrúnar K. Sveinbjörnsdóttur

Hefur teiknað og saumað föt frá því hún man eftir sér

Guðrún Kristín Sveinbjörnsdóttir býr ásamt börnum sínum þremur í fallegu timburhúsi í Efra Breiðholti. Elsti sonurinn Eiríkur Ernir er 25 ára og býr í forstofuherberginu, Stefnir 19 ára er í Menntaskólanum við Hamrahlíð og dóttirin Arey Ingibjörg 9 ára er í Hólabrekkuskóla. Í bílskúrnum er saumastofan hennar full af fallegum efnum sem hún hefur keypt inn sjálf. Þar vill hún helst vera að teikna og sauma föt eins og hún hefur reyndar gert frá því hún man eftir sér. Þegar Guðrún er búin að sauma frumgerð af flík sendir hún hana til framleiðslu á saumastofum sem hún er í viðskiptum við. Síðan fyllist búðin hennar af flíkum sem renna út eins og heitar lummur.

Börnin þrjú Eiríkur Ernir 25 ára, Stefnir 19 ára og Arey Ingibjörg 9 ára ásamt móður sinni Guðbjörgu Kristínu á sólríkum sumardegi.

Guðrún opnaði verslunina í Bankastræti 11 árið 2008 en þar var verslunin Flex áður til húsa. Þetta var í miðju bankahruni og því áhætta að taka dýrt húsnæði á leigu á þessum vinsæla stað. Guðrún segir staðsetninguna góða enda einn af miðpunktum borgarinnar þar sem flestir erlendir ferðamenn fara um. Í gegnum árin hefur hún eignast fasta viðskiptavini sem margir koma að vestan. „Það er stór mynd af Ísafirði í búðinni og hún vekur oft umræður um tengsl mín vestur. Framan á bæklingi um haust- og vetrarlínuna 2012 –2013 er mynd úr Ísafjarðardjúpi sem fólk dáist að enda einstök mynd eftir Ágúst Atlason. Hann tók líka myndina sem er framan á bæklingnum með haust og vetrarlínunni 2013–2014 en hún er af veginum upp að Súgandafjarðargöngunum. Hlykkjóttur vegurinn varð að uppsprettu fyrir ótal hugmyndir í vetrarlínunni. Ég ólst upp í vegagerðarskúrum og fór snemma að vinna í vegagerðinni hjá pabba, svo það er við hæfi að vestfirskir fjallvegir fái að njóta sín í hönnuninni. Þegar ég var lítil ætlaði ég að feta í fótspor hans og verða vegavinnuverkstjóri, en þær áætlanir breyttust, hæfileikarnir lágu annars staðar.“

Foreldrar Guðrúnar eru Anna Jónsdóttir og Sveinbjörn Veturliðason sem bjuggu alla tíð í fjölskylduhúsi Sveinbjörns að Urðarvegi 11. Þau ættleiddu Guðrúnu nýfædda árið 1967 en fyrir átti Anna tvo syni af fyrra hjónabandi, Guðfinn og Svanberg.

Guðmundur sonur Svanbergs ólst líka upp hjá ömmu sinni og afa. Hann er tveimur árum yngri en Guðrún og voru þau því eins og systkin. „Ég fékk að vita það þegar ég var 12 ára að ég væri ættleidd og þegar ég var 15 ára hitti ég einn hálfbróður minn í fyrsta skipti. Hann var á bát sem lagði upp á Ísafirði og þegar móðir okkar frétti það sagði hún honum frá mér og hann leitaði mig uppi. Hún vildi ekki eiga það á hættu að við hittumst án þess að vita að við værum systkin," segir Guðrún og brosir. Móðir hennar bjó á Akureyri og eignaðist sex börn. Hún er látin og Guðrún hitti hana aldrei en hefur hitt þrjú hálfsystkin sín þeim megin. Föður sínum kynntist hún hins vegar eftir tvítugt þegar þáverandi eiginmaður hennar vildi hafa upp á honum. Guðrún var þá búin að eignast eldri soninn og gekk með þann yngri.

„Maðurinn minn vissi nafnið á föður mínum og þegar hann leitaði í símaskránni kom upp nafn á manni sem var teiknari, en ég hef alltaf verið teiknandi," segir Guðrún og brosir. „Það kom svo í ljós að þetta var rétti maðurinn en hann vissi ekkert um tilveru mína og þetta kom honum auðvitað á óvart. Hann er giftur og á sex börn og ég er í góðu sambandi við fjölskylduna þó sambandið sé ekki mjög náið. Rætur mínar eru fyrir vestan og mér finnst pabbi og mamma bara vera foreldrar mínir," segir hún.

Pabbi og mamma með Areyju litla.

Alltaf að sauma föt og teikna

Teiknigenið virðist hafa erfst til Guðrúnar sem segist ekki muna eftir sér öðru vísi en að vera að búa til föt, teikna, sauma og prjóna. „Um leið og ég vissi að þetta starf væri til var bara ein leið til fyrir mér, það var

Guðrún fór snemma að vinna í vegagerðinni hjá pabba sínum, henni finnst því við hæfi að vestfirskir fjallvegir fái að njóta sín í hönnuninni.

Í sumarlínunni 2013 eru tuttugu flíkur en á heimasíðunni www.gust.is er hægt að sjá myndir af framleiðslunni.

Guðrún Kristín var algjör pabbastelpa, hér í fangi föður síns Sveinbjörns Veturliðasonar.

að verða fatahönnuður," segir hún og rifjar upp að hún var byrjuð að sauma föt á sig í gagnfræðaskóla og selja þau síðan utan af sér. „Stefnan var alltaf að fara til Parísar að læra fatahönnun og því fór ég á málabraut

Á sumrin bjó Guðrún með foreldrum sínum í vegavinnuskúrum víða um Vestfirði. Þegar Djúpvegurinn var lagður höfðu þau aðsetur innst í fjörðunum þar sem auðveldast var að ná í vatn. Hún segist alltaf búa að því að hafa dvalið svo nærri náttúrunni og geti endalaust sótt þangað innblástur.

í MÍ til að læra frönsku. Í skólanum kynntist ég fyrri manni mínum og var ófrísk þegar ég útskrifaðist. Ég treysti mér ekki þá til að fara út með lítið barn og fór því í Iðnskólann að læra kjólasaum. Þaðan lauk ég sveinsprófi 1993 og var þá orðin ófrísk aftur. Ég ákvað að láta lítið barn ekki aftra mér í að fara utan til náms í það skiptið og fyrst ég vildi endilega fara til útlanda fékk fyrrverandi maðurinn minn að velja landið og fór að læra tölvunarfræði. Við fórum til Stuttgart í Þýskalandi með Stefni átta mánaða og Eirík Erni sex ára og fyrsta árið lærði ég þýsku. Í Stuttgart er mjög góður skóli í fatahönnun, Staatliche Fachschule für Entwurfsdirectricen, þaðan útskrifaðist ég sem fatahönnuður árið 1997. Þjóðverjunum fannst skrýtið að hægt væri að stunda nám með lítil börn og ég var því stundum álitin skrýtni útlendingurinn. Þeir vilja flestir skipuleggja líf sitt betur en við Íslendingar gerum," segir Guðrún og hlær.

Slys í stiga og aldamótakjólarnir í framleiðslu

Þegar Guðrún kom aftur heim benti kennari hennar úr Iðnskólanum á vinnu hjá 66°Norður við sniðagerð. Þar var hún bara í eitt ár því stefnan var alltaf að skapa og búa til eigin föt. Hún var byrjuð að hanna og sauma föt undir vörumerkinu GuSt og komst fljótlega í kynni við aðra unga hönnuði sem fengu að hafa fötin til sölu í versluninnni Dýrið á Hverfisgötu. „Við tókum okkur svo saman tvær og stofnuðum Gallerí Mót á Vegamótastíg þar sem hönnuðir gátu leigt slár til að selja eigin framleiðslu. Þarna voru mest tuttugu fatahönnuðir með vörur sínar til sölu. Ári síðar festi ég kaup á bakhúsi við Laugaveg þar sem Finnska búðin er núna. Þetta var íbúðarhús sem ég breytti í verslun með því að stækka gluggana niður í gólf. Ég var með vinnustofuna í kjallaranum og var gengið niður stigaop sem lokaðist með hlera. Ekki vildi betur til en svo einn daginn að ég hrasaði í stiganum með þeim afleiðingum að hlerinn skall á hendina á mér og ég missti framan af vísifingri hægri handar," segir Guðrún og réttir fram höndina því til sönnunar. „Þetta var haustið 1999 og ég í óðaönn að hanna og

Guðrún segist ekki muna eftir sér öðruvísi en að vera að búa til föt, teikna, sauma og prjóna.

sauma aldamótakjólana. Ég gat ekki sætt mig við það fyrst að svona væri komið fyrir mér og saumaði tvo eða þrjá kjóla með vinstri hendi og olnboganum á hægri. En svo sá ég að þetta var ekki hægt og játaði mig sigraða. Það þurfti að gera aðgerðir á fingrinum og ég var auk þess sárkvalin í bakinu. Vegna slyssins var ég meira og minna frá vinnu í ár og þurfti að selja húsnæðið. Það er svolítið sérstakt en það var einmitt Guðbjörg K. Ingvarsdóttir skartgripahönnuður sem keypti af mér þegar hún var nýkomin til landsins

og byrjaði rekstur sinn í þessu húsi," segir Guðrún og ekki er annað hægt en að undrast þessa tilviljun.

Íslenska ullin sló í gegn

Þegar Guðrún varð vinnufær á ný fór hún að hanna og sauma peysur úr flísefni sem fáir hönnuðir notuðu þá á sama hátt. Þetta seldi hún í Kjallaranum og Kókó og viðtökurnar urðu framar vonum. Árið 2001 hóf hún samstarf við annan hönnuð á Skólavörðustíg og hægt og rólega fóru umsvifin að aukast. „Ég fékk prjónastofu til að prjóna fyrir mig efni í ullarpeysurnar og var sú fyrsta til að láta framleiða perluprjón til að nota í fatnað," segir Guðrún þegar hún rifjar þetta tímabil upp. Þannig óx fyrirtækið hægt og rólega og nú framleiðir Guðrún yfir 70 gerðir af flíkum á ári. Af hverri gerð eru saumuð sex til 30 eintök en suma silkikjóla saumar hún aðeins í einu til tveimur eintökum. Guðrún kemst auvitað ekki yfir að sauma þetta sjálf og semur því við saumastofur.

„Lengi hafði ég eina saumakonu í vinnu á verkstæðinu en hún er nýhætt vegna aldurs og ég hef ekki fundið nýja. Ég er núna í viðskiptum við saumastofu á Skagaströnd og í Litháen. Í janúar fór ég með 42 flíkur til að sýna á tískuvikunni í Kaupmannahöfn og sel nú flíkur í fimm verslunum þar í borg. Ég fer til Parísar og Þýskalands að kaupa efni, svo teikna ég, hanna og sauma," segir Guðrún. Í sumarlínunni 2013 eru tuttugu flíkur en á heimasíðunni www.gust.is er hægt að sjá myndir af framleiðslunni og kaupa í gegnum vefverslun. Ég hef byggt fyrirtækið hægt og rólega upp. Ég þarf að hafa yfirsýn og í dag er Gust ehf. skuldlaust," segir hún á sinn stillilega hátt eins og ekkert sé eðlilegra.

Sýnir á Ísafirði um páskana

Árið 2013 er tímamótaár fyrir Guðrúnu á ýmsan hátt. Tíu ár eru frá því hún stofnaði fyrirtækið GuSt ehf og tuttugu ár frá því hún lauk sveinsprófi í kjólasaumi. Af þessu tilefni hefur hún endurnýjað heimasíðuna og ætlar að halda upp á starfsafmælið á Ísafirði um páskana en því hefur hún lengi stefnt að. „Stelpurnar í meistaraflokki kvenna í knattspyrnu

Í janúar sl. fór Guðrún með 42 flíkur til að sýna á tískuvikunni í Kaupmannahöfn og eru flíkur hennar á boðstólum í fimm verslunum þar í borg. Hún fer aðallega til Parísar og Þýskalands til að kaupa efni, síðan er að teikna, hanna og sauma.

GuSt fagnar 10 ára afmæli á árinu og verður af því tilefni haldin vegleg afmælisveisla í Edinborgarhúsinu á Ísafirði um páskana. Allir eru velkomnir og boðið verður upp á tískusýningu, söng, óvæntar uppákomur og veitingar.

ætla að aðstoða mig, við verðum með tískusýningu, söng og uppákomur, afmælisköku og veitingar. Það verður miklu persónulegra að kynna nýju línuna heima á Ísafirði heldur en hér í bænum, meiri afmælisveislu stemning og allir eru velkomnir í Edinborgarhúsið.

Á Ísafirði liggja mínar djúpu rætur. Þar verður alltaf „heima." Ég reyni að fara þangað að minnsta kosti tvisvar á ári og held líka tengslum við skólasystkin að vestan. Pabbi dó fyrir fimm árum en mamma býr á Hlíf og er 86 ára. Ég var algjör pabbastelpa enda var pabbi frábær maður og sérlega góður við okkur systkinin. Á sumrin var ég með foreldrum mínum í vegavinnu og við bjuggum í vegavinnuskúrum víða um Vestfirði þar sem mamma var matráðskona og tók okkur Gumma bróður með. Þegar verið var að leggja Djúpveginn höfðum við aðsetur innst í fjörðunum þar sem auðveldast var að ná í vatn. Þannig fengum við vestfirska náttúru beint í æð og það var yndislegt. Ég mun alltaf búa að því og get endalaust sótt þangað innblástur" segir Guðrún að lokum.

Magnús Sigurðsson
handhafi
Ljóðstafs Jóns úr Vör 2013

Magnús Sigurðsson fæddist árið 1984 á Ísafirði, sonur Sigurðar Sigurðssonar blómasala og Áslaugar Jóhannsdóttur leikskólakennara. Þriggja ára að aldri fluttist fjölskyldan til Reykjavíkur. Tvítugur að aldri útskrifaðist Magnús sem dux scholae frá Menntaskólanum í Reykjavík. Hann las tungumál og bókmenntir bæði við Háskóla Íslands og erlendis, en Magnús hefur búið um lengri tíma bæði á Spáni og í Svíþjóð.

Árið 2007 komu út þýðingar hans á ljóðabálki Ezra Pounds, Söngvarnir frá Písa. Í kjölfarið fylgdu meðal annars smásagnasafnið Hálmstráin og ljóðabækurnar Fiðrildi, mynta og spörfuglar lesbíu og Blindir fiskar, en fyrir þá fyrrnefndu hlaut Magnús Bókmenntaverðlaun Tómasar Guðmundssonar 2008. Árið 2012 komu út þýðingar Magnúsar á ljóðum norska ljóðskáldsins Tors Ulven, Steingerð vængjapör.

Magnús hlaut Ljóðstaf Jóns úr Vör fyrir ljóð sitt Tunglsljós í árlegri ljóðasamkeppni lista-og menningarráðs Kópavogs. Samkeppnin var í ár haldin í tólfta sinn en tilgangur hennar er að efla og vekja áhuga á íslenskri ljóðlist. Verðlaunaafhendingin fór fram við hátíðlega athöfn í Salnum á fæðingardegi Jóns úr Vör, 21. janúar.

Magnús nýtti tækifærið til að segja örfá orð um gildi þess að íslenskri ljóðlist sé hampað með þessum hætti. Verðlaun séu ekki eingöngu hvatning þeim sem þau hlýtur heldur heiðri þau einnig minningu genginna skálda. Sagði hann að því miður virtist tómlæti gagnvart ljóðlistinni einkenna hina opinberu bókmenntaumfjöllun.

„Rétt eins og minni tungumál deyja út þegar hin stærri ryðja þeim úr vegi, þá getur sterk staða vissra bókmenntagreina ógnað öðrum. Við Íslendingar höfum lengi skilið nauðsyn þess að vernda dvergtungu okkar, eigi hún ekki að týnast í hafsjó stærri mála. Eins er með ljóðlistina, sem virðist því miður eiga við ofurefli að etja þegar kemur að skáldsagnaáhuga Íslendinga. Sérstök bókmenntaþjóð getum við þó varla talist með réttu ef við skellum skollaeyrum við tungumáli ljóðlistarinnar og tjáningarmöguleikum hennar. Við færum einfaldlega á mis við of margt.“

Dómnefnd var sammála um að ljóðið Tunglsljós hefði yfir sér dularfullan blæ sem heillaði og galdraði fram andrúmsloft sem drægi lesandann til sín aftur og aftur. (Ljósmynd úr einkasafni Magnúsar).

Tunglsljós

In memoriam

Sólin er hnigin til viðar.

*

Hver á fætur öðrum
tínast námumennirnir
upp úr jörðinni.

*

Þeir krjúpa við árbakkann
í kvöldrökkrinu,
drekka úr skálum lófa sinna
og strjúka framan úr sér rykið.

*

Fölbleik andlit þeirra
eru 20.000 nýkviknuð tungl
á svörtum himni.

Dómnefnd í ár skipuðu rithöfundarnir og ljóðskáldin Gerður Kristný og Sindri Freysson, ásamt Gunnþórunni Guðmundsdóttur, bókmenntafræðingi og dósent við Háskóla Íslands. Hún var sammála um að ljóðið galdraði fram andrúmsloft sem drægi lesandann til sín aftur og aftur. Ljóðið Tunglsljós hefur yfir sér dularfullan blæ sem heillaði. Ljóðið gerist á framandi stað, en efniviðurinn er einfaldur; kolanámumenn koma uppúr námunum að loknum vinnudegi þegar sólin er sest og ,,strjúka framan úr sér rykið“. Sterk mynd sem dregin er upp af einstakri myndvísi, þar sem lesandinn er kynntur fyrir þrískiptum heimi: himninum, yfirborði jarðar og neðanjarðarheimi, þar sem sígildar andstæður ljóss og myrkurs fá á sig framandi yfirbragð og þar sem speglunin í lokaerindinu dregur okkur aftur niður á jörðina. Tunglsljós er vel ort ljóð og dómnefnd er sammála um að höfundur þess sé vel að því kominn að hljóta Ljóðstaf Jóns úr Vör 2013.

HREYFING • KRAFTUR • ÁNÆGJA

Verið velkomin

Guðmundur Gunnlaugsson

SKÍÐAPAKKAR

SOFTSHELL GÖNGUBUXUR
Með og án axlabanda
10.000 mm vatnsheldni

NOTAÐ UPP Í NÝTT

Mikið úrval af Jökkum á frábæru verði
Vatnsvörn - öndun - vindhelt

Tökum notuð heilleg
Carving skíði í stærðum 60 til 170
upp í bestu ATOMIC skíðin fyrir þig

FERMINGARDAGAR

TJÖLD

Montana tjald
2ja og 3ja manna
frá ZAJO

MONTANA, 3000mm vatnsheld
2. manna ~~19.995~~ kr. 15.996 kr.
3. manna ~~23.995~~ kr. 18.996 kr.

SVEFNPOKAR

✓ Góð gæði
✓ Betra verð

DEVIL 300
Kuldaþol: -19
þyngd: 1,7 kg.
~~11.995~~ kr. 8.996 kr.

Challenger 350W
Kuldaþol: -12
þyngd: 2,2 kg.
~~15.995~~ kr. 10.996 kr.

Challenger 250
(rauður eða blár)
Kuldaþol: -8
þyngd: 2 kg.
~~13.995~~ kr. 9.996 kr.

BAKPOKAR

Mikið úrval af bakpokum

SUMMIT 50 + 10 lítra
~~19.995~~ kr. 15.995 kr.

PANTHER 65
~~29.995~~ kr. 19.995 kr.

Íslensku ALPARNIR
HREYFING • KRAFTUR • ÁNÆGJA

GLERÁRGATA 32
600 AKUREYRI
SÍMI: 461-7879

KAUPVANGI 6
700 EGILSSTAÐIR
SÍMI: 471-2525

FAXAFENI 8
108 REYKJAVÍK
SÍMI: 534 2727

alparnir.is

Úr fjársjóðskistu Jóns Aðalbjörns

Síðastliðin tvö ár hafa lesendur Vestanpóstsins notið þess að fá innsýn í fjársjóðskistu Jóns Aðalbjörns, ljósmyndara. Og enn er gramsað í fjársjóðnum. Að þessu sinni er meginefnið samansett passamyndaspjald af ungum Ísfirðingum, myndirnar eru velflestar, ef ekki allar, teknar á fyrri hluta fjórða áratugs síðustu aldar. Unga fólkið að komast til manns og fá ökuskírteini með pomp og prakt. Spjaldið sem slíkt virðist fljótt á litið vera eitt einfalt myndaspjald, en ritsjórn getur staðfest að Jón er búinn að verja ótrúlegum tíma í að vinna hverja mynd fyrir sig. Ristjórn Vestanpóstsins stendur í mikilli þakkarskuld við Jón Aðalbjörn fyrir allt það stórmerkilega efni og fórnfúsa starf sem hann hefur lagt blaðinu til undanfarin ár.

Þá er stórmerkileg mynd af einum galíasi Ásgeirsverslunar með fróðlegum skýringartexta frá Jóni Aðalbirni. Vafalaust hverfur hugur margra lesenda aftur í tímann við að sjá þessa mynd.

Hafðu kærar þakkir fyrir fjársjóðinn þinn, Jón Aðalbjörn.

Konráð Eyjólfsson, svaka stæll, að koma frá Spáni í fyrsta sinn.

Kannast einhver við þessa stælgæja?

Reyndu á minnið þitt…!

Á opnunni hér á eftir er spjald sem ég hef sett saman með myndum af 72 ungum Ísfirðingum. Tilefni þess að þessar myndir voru teknar er að árið 1947 voru gefin út lög um að hver einstaklingur 12 ára og eldri skyldi bera nafnskírteini. Skírteinin voru afhent af viðkomandi lögreglustjóra, var fæðingardagur viðkomandi tilgreindur og skyldi vera mynd af viðkomandi á nafnskírteininu. Sjálf skírteinin voru afhent án endurgjalds, en myndin átti að vera ný og varð skírteinishafinn sjálfur að greiða fyrir myndatökuna. Þetta urðu að sjálfsögðu uppgrip fyrir ljósmyndastofur. Þessar myndir voru litlu stærri en frímerki, en gæðin gátu orðið prýðileg, ef allar aðstæður voru góðar. En mjög lítið þurfti til þess að fimurnar yrðu mjög lélegar. Fyrst og fremst lýsingin og síðan birtan, hitastigið, framköllunarefnin og síðast en ekki síst vatnið, sem oft var lélegt, blandað sandi og öðrum jarðvegsefnum. En þær voru ódýrar.

Ég hefi legið yfir því að reyna að gera nothæfar myndir eftir þessum plötum. Raðaði þeim eftir stafrófsröð, en ég komst í tímaþröng með verkið. Lauk við um helming þeirra mynda, sem hægt er að gera sæmilegar myndir eftir. Hinn helmingurinn verður að bíða síðari tíma, ef áhugi reynist fyrir hendi.

Ágæti lesandi Vestanpóstsins! Skerptu nú á minni þínu og reyndu að freistast ekki til að kíkja í svörin. Notaðu þér heldur þrautina, skoða hverja mynd rækilega og reyndu að rifja upp hve marga þú þekkir og hvað þeir heita. E.t.v. eru þetta bekkjasystkini þín frá því fyrir tæpum 70 árum. Gangi þér vel.

Svörin eru svo að finna meðal annars efnis aftar í blaðinu.

Að sjálfsögu getur verið misminni mitt um einhver nöfnin. Og eru allar leiðréttingar vel þegnar, eða ef einhver hefur áhuga á að ræða við mig um myndirnar.

Jón Aðalbjörn, sími 864 3020.

Galíasinn

Ég gladdist mjög mikið þegar ég sá þessa mynd. Þá minntist ég þess sem mamma mín hafði sagt mér, að í einum galíasi Ásgeirsverslunar hefði verið útbúin íbúð þar sem stór fjölskylda hefði búið eftir að galíasinn hafði lokið sínu upphaflega hlutverki og mótortæknin hélt innreið sína. Þegar ég skoðaði myndina og sá dyrnar fremst á skipinu var ég sannfærður um að þarna væri þetta íbúðarskip komið. Þrátt fyrir að það sé notað til að hengja upp þorskhausa til þurrkunar þegar þessi mynd var tekin, og brautarteinarnir sem liggja að dyrunum verið til að flytja hausana eða aðrar vörur að og frá þessu húsnæði, þá taldi ég víst að þetta væri umrætt húsnæði.

Ég fór þess vegna til ágætrar konu sem er nokkru eldri en ég og man æði margt frá gamalli tíð. Hún sagði mér að hún myndi eftir þessum galíasi en hann hefði verið Sundamegin við brautarteinana sem náðu niður í Suðurtanga. Hann hefði verið niður undir gamla Íshúsinu í Neðsta og legið á hvolfi en hallast dálítið. Upp að anddyrinu hefðu verið smíðaðar tröppur með þrem til fjórum þrepum. Hún taldi að einn af sögufægari Ísfirðingum hefði átt heima þarna á tímabili.

Þessi galías sem er á myndinni er sennilega galíasinn sem notaður var undir háu bryggjuna í Neðstakaupstað. Hann var þar allt til þess að hafnargarðurinn var lengdur í það horf sem hann er í í dag.

Háa bryggjan bar nafn sitt af því að hún stóð við endann á Neðstakaupstaðarbryggju en var heilli hæð hærri og stigi af planinu uppá hana. Eftir henni lágu brautarteinar að háu geymsluhúsi með vindauga við enda þess. Eftir að sundskýlið í Suðurtanga lagðist af, og engin sundlaug enn verið byggð, voru ungir sem gamlir oft að reyna að synda við þessa bryggju. En kalt var það maður! Sumir stungu sér af háu bryggjunni, aðrir af dekki galíasins og syntu síðan smávegis og að lokum að landi í kverkinni við bryggjuna og skipasmiðastöð Marsellíusar. Aldrei gat ég séð, né gáði ég að því, hvort dyr væru á kynnungi þess galíasar. Enda ekki fýsilegt þar sem tvö samliggjandi „hægingarveresli“ höfðu verið byggð þar uppi á háubryggjunni, ætluð til afnota fyrir starfsfólk sem vann við fiskvekun og í Gamla Neðsta. Það munu vera með allra síðustu kömrunum á Ísafirði.

(Myndina tók Jóhann Sigurgeirsson í Dokkunni. Jón Þórðarson múrari á einkarétt á myndinni, dokkan@simnet.is)

Þar sem gamli tíminn lifir

Viðtal og ljósmyndir: Páll Ásgeir Ásgeirsson.

Neðst á eyrinni á Ísafirði stendur eina samstæða þyrping verslunarhúsa á Íslandi sem varðveist hefur frá tímum danskrar einokunar. Framsýni fáeinna heimamanna og þrautseigja varð til þess að þau voru ekki rifin heldur endurgerð af stakri vandvirkni og eru einn helsti fjársjóður og aðdráttarafl Ísafjarðar í dag.

Í asanum við uppbyggingu hins nýja Íslands á tuttugustu öld varð margt gamalla húsa og minja framkvæmdagleðinni að bráð. Jarðýtutennur sléttuðu út húsarústir landnámsmanna til sveita og ruddu torfbæjum ofan í svörð. Í kaupstöðum voru fúnir húshjallar rifnir og brenndir og ný hús steypt upp á auga lifandi bragði. Gamlir bátar voru dregnir á áramótabrennur og eldur lagður í gömul hús í æfingaskyni fyrir slökkvilið. Nútíminn var mættur á staðinn og enginn tími til þess að að velta því fyrir sér hvort nýtt væri undantekningarlaust betra en gamalt.

Á seinni hluta tuttugustu aldar fór að ryðja sér til rúms sú hugsun að gömul hús gætu verið verðmætar minjar þótt þau væru ekki beinlínis fornleifar í hefðbundinni merkingu orðsins.

Víða í þéttbýli reis andóf gegn stjórnlausu niðurrifi og eflaust minnast margir deilna og átaka kringum förgun eða varðveislu húsanna við Lækjargötu í Reykjavík sem almennt eru kölluð Bernhöftstorfan. Þeirri orustu lauk með sigri friðunarsinna en margar aðrar orustur töpuðust.

Utan Reykjavíkur var ekki um auðugan garð að gresja eftir gömlum húsum með sál og sögu. En á nokkrum fornum verslunarstöðum stóðu langt fram á 20. öld gömul pakkhús og verslunarhús sem fólu Íslandssöguna í fúnum þiljum og tjörguðum bitum.

Einn þessara staða er Ísafjörður sem fékk kaupstaðarréttindi 1786 um leið og Reykjavík og Grundarfjörður.

Á Ísafirði stóð enn í lok 20 aldarinnar þyrping af fornum verslunarhúsum þar sem heitir frá fornu fari Neðstikaupstaður. Elst þeirra húsa sem þar standa er krambúð einokunarverslunarinnar frá 1757, íbúðarhús faktorsins byggt 1765, Tjöruhúsið, byggt 1781 og Turnhúsið byggt 1784. Í þessum húsum var starfrækt verslun í eigu dönsku einokunarverslunarinnar til 1788 en eftir það í eigu ýmissa erlendra kaupmanna til 1883 þegar Ásgeirsverslun á Ísafirði tók við rekstrinum.

Þegar kom fram á áttunda áratug aldarinnar voru gömlu verslunarhúsin í Neðsta farin að láta töluvert

Jón Páll Halldórsson stendur undir stafni Tjöruhússins í Neðstakaupstað.

á sjá. Hin hljóðu eyðingaröfl unnu starf sitt hægt og örugglega og gömlu húsin biðu örlaga sinna með iðandi athafnalíf hafnarinnar á aðra hönd og brambolt og suðuglampa skipasmíðastöðvar Marsellíusar á hina. Nútíminn var löngu kominn á Eyrina eins og annars staðar þótt tíminn stæði í stað innan veggja hinna öldnu húsa.

Fúnir húskofar eða fjársjóður

Á áttunda áratugnum var þessi látlausa húsaþyrping í eigu Hafnarsjóðs Ísafjarðar og þótt eitt og annað væri geymt í hinum fornu húsum þá höfðu þau ekkert sérstakt hlutverk. Ef gerð hefði verið könnun á viðhorf bæjarbúa á þessum tíma er ekki víst á hvern veg afstaða þeirra til verndunar eða förgunar húsanna hefði fallið. Sú skoðun að þessir gömlu húskofar tepptu mikilvægar byggingarlóðir átti víða hljómgrunn og duglegir athafnamenn voru þá eins og nú ávallt reiðubúnir með jarðýtuna og gröfuna.

En meðal áhrifamanna í bænum áttu gömlu húsin í Neðstakaupstað vini og velunnara sem gerðu sér skýra grein fyrir því að þarna á eyraroddanum var fjársjóður sem óx að verðgildi með hverju ári sem leið án þess að honum væri fargað.

Árið 1975 steig bæjarstjórn Ísafjarðar fyrstu skrefin í átt til friðunar en þá voru verslunarhúsin í Neðstakaupstað og íbúðahúsið í Hæstakaupstað friðuð til þess að forða þeim frá eyðileggingu. Tveimur árum síðan hófst svo viðgerð Faktorshússins í Neðstakaupstað en það var verst farið. Það var svo 1978 sem komið var á laggirnar sérstakri húsafriðunarnefnd á Ísafirði.

Með risaverkefni í fanginu

Bæjarstjórnin fól húsafriðunarnefndinni að annast framkvæmd viðgerða á friðuðum húsum. Nefndinni var einnig falið að afla fjár til verksins og má segja að hún hafi þannig fengið þetta risaverkefni í fangið.

Húsafriðunarnefndin var skipuð þremur mönnum, tveimur sem bæjarstjórnin skipaði og einum fulltrúa Sögufélags Ísfirðinga. Þetta voru þeir Gunnar Jónsson, oft kallaður Gunnar í Brunabót og Jón Páll Halldórsson, sem voru skipaðir af bæjarstjórn og þriðji maðurinn var Guðmundur Sveinsson frá Góustöðum sem var fulltrúi Sögufélagsins. Jón Páll var á þessum tíma forstjóri hraðfrystihússins Norðurtangans sem var einn fjölmennasti vinnustaður Ísafjarðar. Jón Páll var ekki kallaður neitt sérstakt til auðkennis, hvorki kenndur við vinnustað sinn eða foreldra eins og þó var svo algengt á Ísafirði á þessum árum. Kannski var það vegna þess að það var aðeins einn Jón Páll Halldórsson.

Jón Páll Halldórsson átti ríkan þátt í endurreisn gömlu húsanna í Neðstakaupstað ásamt félögum sínum í húsfriðunarnefnd Ísafjarðar í röska tvö áratugi.

Frá upphafi var Hjörleifur Stefánsson arkitekt nefndinni til ráðuneytis og má segja að hann hafi vakað yfir verkinu, mældi húsin upp, gerði uppdrætti og verklýsingar.

Húsafriðunarnefndin starfaði óbreytt í rúmlega 20 ár og varð mjög mikið ágengt. Eina breytingin sem var á henni gerð var að við fráfall Guðmundar Sveinssonar tók Ásgeir S. Sigurðsson sæti hans.

Næstu árin var svo unnið við húsin í Neðstakaupstað eftir því sem fjármunir leyfðu. Árið 1979 og 1990 veitti bæjarstjórn ekkert fé til verkefnisins og þá lágu framkvæmdir bæði árin. 1980 var svo hafist handa á ný. Þá var völundurinn Arnór Stígsson frá Horni ráðinn til starfa við smíðina og starfaði hann að verkinu næstu 20 árin. Jafnframt var Jóni Sigurpálssyni safnstjóra byggðasafns falin umsjón með verkinu og framkvæmdum á svæðinu.

Viðgerð Faktorshússins lauk 1984 og þá sneru menn sé að Turnhúsinu sem var mjög illa farið eftir áratuga notkun sem saltfiskverkunarhús og þurfti mjög að rétta veggi og endurnýja mikið í húsinu. Sjóminjadeild

Faktorshús og verslunarhús í Hæstakaupstað á Ísafirði. Faktorshúsið er frá seinnihluta átjándu aldar en verslunarhúsið mun yngra.

RAFVERK A.G. ehf

sími 456 7373

Rafmagnsverkstæði ▪ Rafverktaki ▪ Raflagnaþjónusta

Skólastíg 4 • 415 Bolungarvík • Sími 456 7373

Fræðslumiðstöð Vestfjarða
- miðstöð símenntunar og háskólanáms

Miðstöð símenntunar
og háskólakennslu á Vestfjörðum

Coca-Cola

Vífilfell hf.
Suðurgötu – Ísafirði

ÍSAFJARÐARBÆR

Bæjarstjórn Ísafjarðarbæjar
sendir Ísfirðingum nær og fjær
bestu páskakveðjur, með von um
að sjá sem flesta á Skíðavikunni 2012.

F.h. bæjarstjórnar Ísafjarðarbæjar
Daníel Jakobsson
bæjarstjóri

ÁGÆTU VESTFIRÐINGAR!

Drangey Drangey Drangey

Verið velkomnir í Drangey í Smáralind

Mikið úrval af gjafavöru fyrir dömur og herra

- Töskur
- Hanskar
- Seðlaveski
- Ferðatöskur
- Tölvutöskur
- Belti
- Skart og skartgripaskrín
- Góðar vörur
- Sanngjarnt verð
- Persónuleg þjónusta

Stofnsett 1934
Drangey
Smáralind
Sími: 528 8800
drangey.is

RÚV
Aðalstræti 22,
400 Ísafirði
Sími: 456 4177
Gísli Einarsson, sími: 899 4098
Jóhannes Jónsson, sími: 894 8822

Gámaþjónusta Vestfjarða

Umhverfið er framtíðin, gættu þess vel

Leigjum út sorpgáma & salerni!

Gámaþjónusta Vestfjarða • Góuholti 14 • 400 Ísafirði
S: 456 4760 & 456 4340 • www.snerpa.is/gamar

Byggðasafns Vestfjarða var formlega opnuð í Turnhúsinu á sjómannadag 1988.

Árið eftir hófst svo viðgerð Tjöruhússins. Þar komu Strandamenn aftur við sögu því Pétur Guðmundsson í Ófeigsfirði vann allan plankavið til viðgerðarinnar úr rekaviði af Ströndum. Framkvæmdum lauk við Tjöruhúsið 1995 og þar er nú einn vinsælasti veitingastaður landsins.

Þegar framkvæmdum lauk við Tjöruhúsið var hafist handa við Krambúðina og margvíslegar endurbætur gerðar á henni.

Þegar framkvæmdir við verslunarhúsin í Neðstakaupstað höfðu staðið í 16 ár nam kostnaður 15 milljónum á verðlagi hvers árs og hlutur bæjarsjóðs Ísafjarðar var 43%. Annað tókst að fjármagna með styrkjum frá ríkissjóði, Þjóðhátíðarsjóði, Húsafriðunarsjóði og Byggðasjóði. Naut nefndin ómældrar velvildar allra þessara aðila.

Gömlu húsin setja svip á bæinn

Þegar aðkomumaður lítur yfir Eyri við Skutulsfjörð 35 árum eftir að nefndin hófst handa sést fljótlega að eitt af því sem gefur Ísafirði það yfirbragð lítillar stórborgar sem hann hefur eru gömlu húsin. Stolt og prýði Ísafjarðar í dag er vandlega uppgerður Neðstikaupstaður þar sem sjóminjasafn og einn af vinsælustu veitingastöðum landsins í Tjöruhúsinu draga að sér ferðamenn í þúsunda tali.

Allt hefur áhrif og þótt áminnst húsfriðunarnefnd hafi einungis starfað að endurbyggingu og varðveislu Neðstakaupstaðar þá hafa margvíslegar aðgerðir fylgt í kjölfarið og breytt ásýnd Ísafjarðar til hins betra.

Í miðjum kaupstaðnum standa svo tvö hús allgömul verslunarhús frá 1873 og faktorshús frá 1788 sem tilheyra Hæstakaupstað. Bæði þessi hús hafa verið gerð upp og í faktorshúsinu er starfræktur veitingastaður og gisting.

Edinborgarhúsið rétt við höfnina sem áður var vörugeymsla og fiskverkunarhús hýsir nú upplýsingaskrifstofu, veitingastað, menningarmiðstöð og er sannkölluð bæjarprýði. Gamla sjúkrahúsið sem Guðjón Samúelsson teiknaði og var byggt árið 1925 hefur fengið nýtt líf. Þar er nú bókasafn, skjalasafn og sýningarsalur og forkunnarfagurt húsið laðar til sín þverskurð af ísfirsku samfélagi dag hvern.

Nýja húsið í Neðstakaupstað verður varla greint frá hinum sem er frá átjándu öldinni.

Túngatan er handaverk heimamanna

Fyrir röð tilviljana var aldrei byggt á túninu umhverfis sjúkrahúsið og þess vegna nýtur það sín eins vel og raun ber vitni og stendur í sínu nærumhverfi nákvæmlega eins og það gerði í upphafi. Að neðan heldur kirkjugarðurinn að túninu en að ofan Túngatan sem er enn ein bæjarprýðin. Þar er ein fegursta götumynd sem finnst í íslensku þéttbýli með reisulegum íbúðarhúsum sem flest eru byggð á fyrri helmingi 20. aldar. Margir sem koma til Ísafjarðar halda að það sé snillingurinn Guðjón Samúelsson sem á heiðurinn af þessari smekklegu götumynd en svo er ekki.

Þetta er handaverk heimamanna og eru tveir smiðir sem áttu stærstan þátt í því. Annar er Jón H. Sigmundsson og hinn er Páll Kristjánsson frá Stapadal. Þess má þó geta að þegar Guðjón Samúelsson teiknaði sjúkrahúsið rissaði hann upp götumynd Túngötunnar sem ber þann svip sem sést í dag. Þannig má segja að smiðirnir góðu hafi verið trúir hugmyndum Guðjóns.

Síðast en ekki síst mætti nefna húsin við Hafnarstræti 2 sem vekja athygli og aðdáun allra sem um Silfurtorgið fara en þessi hús eru í svokölluðum „jugend“ stíl og setja afar sterkan svip á miðbæ þessa forna verslunarstaðar. Ásamt stórhýsinu sem áður hýsti Kaupfélag Ísfirðinga, Landsbankahúsinu og Gamla apó-

Turnhúsið og Krambúðin í Neðstakaupstað.

Gamla sjúkrahúsið á Ísafirði setur mikinn svip á bæinn. Það var vígt 1925, byggt eftir teikningu Guðjóns Samúelssonar. Í dag hýsir það bókasafn og skjalasafn og er sérlega lifandi og skemmtilegur staður.

tekinu mynda þessi hús götumynd við Hafnarstræti sem gefur Ísafirði yfirbragð lítillar heimsborgar.

Við þessa upptalningu mætti svo bæta nokkrum húsum frá ofanverðri tuttugustu öld sem byggð voru til opinberra nota s.s. Alþýðuhúsið við Austurveg, Húsmæðraskólinn og Sundhöllin við sömu götu.

Áratugum saman setti stórhýsi Kaupfélags Ísfirðinga sterkan svip á kaupstaðinn og kaupfélagshornið réttnefnt hjarta bæjarins. Kaupfélag Ísfirðinga heyrir sögunni til en á jarðhæð hússins eru enn reknar verslanir og efri hæðunum mun verða breytt í hótelrými.

Gamla fjósið fær líf

Inni í Firði, á hinu gamla Seljalandi hefur gamalt fjós verið gert upp og breytt í íbúðarhús og vinnustofur listamanna. Þetta gamla fjós er merkilegur minnisvarði um samfélagið á Ísafirði fyrr á tíð því það var í eigu Ísafjarðarbæjar en á þriðja áratug aldarinnar stofnuðu jafnaðarmenn sem þá réðu lögum og lofum á Ísafirði kúabú svo allir bæjarbúar gætu fengið mjólk.

Fyrir vikið á mjólkurvinnsla á Ísafirði afar langa sögu en fyrir kaldhæðni örlaganna hefur hagræðingarárátta nútímans leitt til þess að Mjólkurstöðinni á Ísafirði var lokað fyrir skömmu. Mjólk sem bændur í Djúpi, Súgandafirði og Önundarfirði framleiða er nú flutt með bílum suður á land. Hún er unnin á Selfossi og svo ferðast fernurnar og dollurnar aftur landveg vestur á Ísafjörð og aðra staði vestra sem þurfa.

Nýjasta viðbótin í hóp gamalla og vel uppgerðra húsa sem setja fallegan svip á bæinn er Hrannargata 2 þar sem veitingastaðinn Húsið er að finna. Viðgerð þess var lokið sumarið 2012 og er öllum bæjarbúum gleðiefni því þessi gamli sýslumannsbústaður var farinn að grotna svolítið niður en umrætt hús er afar áberandi í bæjarmyndinni og blasir við þeim sem koma akandi eftir Skutulsfjarðarbraut.

Í helgum stein við Engjaveg

Jón Páll Halldórsson býr við Engjaveg á Ísafirði og hefur gert í rúmlega hálfa öld. Engjavegur liggur samsíða Seljalandsvegi uppi í hlíðinni fyrir ofan eyrina og þaðan er gott útsýni yfir hinn forna verslunarstað á Eyri við Skutulsfjörð.

Jón Páll starfaði í áratugi sem forstjóri Norðurtangans sem var annar af tveimur stærstu vinnustöðum á Ísafirði seinni hluta síðustu aldar. Nokkuð er liðið á annan tug ára síðan Jón Páll settist í helgan stein og hætti daglaunavinnu. Ekki hefur hann samt setið auðum höndum því ritstörf og sagnagrúsk hafa alla tíð verið hans annað líf og eftir að starfsferli lauk hafa fjórar bækur um atvinnusögu Ísafjarðar bæst í safn titla eftir hann. Ein fjallar um togaraútgerð Ísfirðinga, önnur um fiskvinnslu, sú þriðja um verslunarsögu bæjarins og hin fjórða og nýjasta um flugsögu Ísafjarðar.

Jón Páll er fæddur 1929 og því 83 ára gamall þegar samtal okkar fer fram. Hann er samt enn beinn í baki og kvikur í hreyfingum.

Ég barðist gegnum skafla og hríð neðan af Eyri upp á Engjaveg og settist hjá Jóni Páli einn dag í nóvember þegar birtan átti erfitt uppdráttar og tæplega sást þvert yfir Engjaveginn fyrir skafrenningi og bað hann að rifja upp aðdraganda þess að uppbygging gamalla húsa á Ísafirði hófst.

„Þegar okkur loksins tókst að fá bæjarstjórnina á Ísafirði til þess að friðlýsa húsin og setja á fót sérstaka húsafriðunarnefnd hafði þessi hugmynd átt sér nokkurn aðdraganda," sagði Jón Páll hægt og virðulega.

„Innan vébanda Rotaryklúbbsins hér á Ísafirði hafa oft verið flutt erindi sem hafa orðið kveikjan að ýmsum framfaramálum í bænum. Jóhann Gunnar Ólafsson starfaði hér sem bæjarfógeti í 25 ár en varðveisla sögulegra minja var mikið áhugamál hans. Þegar hann kvaddi okkur félaga sína í Rotaryklúbbnum þá lét hann svo um mælt að eina ósk hans til samborgara sinna á Ísafirði væri að bæjarrústum Helga Hrólfssonar á Eyri og verslunarhúsunum í Neðstakaupstað yrði hlíft við útrýmingu.

Fram að þeim tíma voru þessi hús að drabbast niður hægt og rólega því þau fengu takmarkað eða ekkert viðhald.

Við leituðum í hina og þessa sjóði eftir fé til endurbótanna en satt að segja var nokkuð á brattann að sækja í þessum efnum og fyrstu árin gerðist ekki mjög mikið. En við héldum alltaf dampi."

Þess er skylt að geta að bæjarrústir Helga Hrólfssonar er bæjarhóllinn á túninu við gamla sjúkrahúsið nálægt þeim stað þar sem styttan af sjómönnunum með netið stendur.

Hugmynd sem smitar út frá sér

–En áttu þessar hugmyndir upp á pallborðið hjá öllum á þessum tíma?

„Nei, þótt ótrúlegt megi virðast urðu ýmsir til þess að segja við okkur að við værum að koma í veg fyrir að hreinsað yrði til á lóðum á hafnarsvæðinu sem mætti nýta undir arðbæra atvinnustarfsemi."

Hvort sem það er tilviljun eða ekki

þá voru allir meðlimir húsfriðunarnefndarinnar í Rotaryklúbbnum og Jón Páll og Gunnar í stjórn hans þegar þetta var. Kannski var einhver fótur fyrir því sem sagt var á götunum á Ísafirði á þessum árum að bæjarstjórnin væri ágæt en þeir sem raunverulega réðu í bænum væru auðvitað Jón Páll og Gunnar í Brunabót.

„Sjálfsagt er rétt að þetta starf í Neðstakaupstað hafi smitað út frá sér. Þegar menn sáu hvað þetta tókst vel þá var farið að taka í gegn hin og þessi hús í bænum sem áður var farið að hnigna," segir Jón Páll.

Húsaþyrpingin í Neðstakaupstað á enn eftir að taka einhverjum breytingum þegar byggt verður nýtt hús rétt við gömlu húsin en þar á Byggðasafn Vestfjarða að vera til húsa og kallast á við Sjóminjasafnið í Turnhúsinu. Búið er að steypa grunn hússins og reisa hluta þess sem Hjörleifur Stefánsson arkitekt hefur teiknað en Hjörleifur er einn helsti sérfræðingur Íslands þegar kemur að gömlum húsum og endurbyggingu þeirra. Hann hefur unnið mikið með Húsafriðunarnefnd Ísafjarðar að endurreisninni í Neðsta.

Gömlu verslunarhúsin í Neðstakaupstað eru elstu samstæðu verslunarhús sem enn standa á Íslandi og sem heild eiga þau sér enga hliðstæðu lengur. Víða um land voru reist verslunarhús, pakkhús og íbúðarhús á svipuðum tíma en fá hafa bjargast frá eyðileggingu. Þetta sýnir ef til vill betur en annað hve einstakan fjársjóð Ísfirðingar og þjóðin öll á í þessum gömlu húsum.

Þau sem ekki tókst að bjarga

– En misstu Ísfirðingar af mörgum húsum sem hefði átt að friða?

„Ekki held ég að það hafi verið. Mér kemur helst í hug Naustið í Hæstakaupstað sem Björgvinjarmenn byggðu. Meðan eldstó var í hverju herbergi kom fyrir að hús brunnu og nokkur falleg hús hurfu í slíkum óhöppum hér eins og annars staðar. Mesta eftirsjáin var auðvitað í Felli."

Fell var sérlega fallegt og reisulegt hús, eitt hið stærsta á Ísafirði, með turnum og útskotum. Það stóð við Hafnarstræti á Ísafirði og setti mikinn svip á aðalgötuna. Fell brann til kaldra kola í byrjun júní árið 1946 og létust fimm manns í brunanum.

Húsaröðin í Túngötu á Ísafirði setur sterkan svip á bæinn. Húsasmiðirnir Jón H. Sigmundsson og Páll Kristjánsson eiga stærstan þátt í því hve samstæð götumyndin varð. Þeir teiknuðu og smíðuðu nokkur húsanna og voru án efa undir áhrifum frá hugmyndum Guðjóns Samúelssonar.

– En ertu sáttur við þær breytingar sem hafa orðið á svipmóti bæjarins sem hafa orðið með nýbyggingum sunnan Hafnarstrætis síðustu 20 árin?

„Já mér finnst þetta hafa tekist tiltölulega vel. Ísafjörður er einn fárra bæja af þessari stærð sem á torg eins og Silfurtorgið. Mér finnst hafa tekist vel að loka því. Sumir eru ósáttir við hvernig útsýnið yfir Pollinn var tekið af torginu með hótelinu en ég er ekki sammála því.

Bæjarstjórnin var hófsöm þegar verið var að leyfa byggingar við Pollgötuna. Að vísu má vel segjað húsið þar sem Neisti stóð sé óþarflega stórt en þá var kyrrstaða hér í atvinnulífinu og þá er bæjarstjórnin oft viljugri en ella til að leyfa stórar byggingar."

Gamla sjúkrahúsið er gimsteinn

Jón Páll segist vera sérlega ánægður með breytinguna á gamla sjúkrahúsinu í bóka og skjalasafn.

„Það var mjög gott að hugmyndir um að breyta húsinu í elliheimili náðu ekki fram að ganga. Þá hefði

Í bláa húsinu við Túngötu ólst forseti Íslands, Ólafur Ragnar Grímsson upp. Enn er ekki kominn skjöldur á húsið sem gefur það til kynna.

Húsasamstæðan við Hafnarstræti 2 er í svokölluðum jugendstíl og gefur miðbæ Ísafjarðar einstakt yfirbragð.

þurft að saga niður veggi innanhúss, breikka dyr eða gera lyftustokk. Núverandi starfsemi sómir sér einkar vel í húsinu og gæðir það lífi.

Um tíma áður en bygging nýja sjúkrahússins var hafin sáust hugmyndir að viðbyggingum við gamla sjúkrahúsið sem hefðu eyðilagt svip þess algjörlega. Það stóð til að byggja rana eða lága byggingu ofan frá Túngötu alveg að húsinu og annan rana niður að kirkjugarði. Sem betur fer varð ekki af því.

Jón Páll hefur á langri ævi séð miklar breytingar á ísfirsku samfélagi ekki síður en þjóðfélaginu í heild.

„Þegar ég var að alast upp hérna þá voru gerðir út afar margir bátar og þá voru yfir 200 manns sem höfðu sjómennsku að atvinnu. Eftir stríðið var farið að byggja hér upp öfluga fiskvinnslu sem setti mikinn svip á bæinn alveg til loka 20 aldar. Ég hygg að óhætt sé að segja að Ísfirðingar hafi verið í fremstu röð bæði í botnfiskvinnslu og rækjuiðnaði.

Á þessu er orðin mikil breyting og annar atvinnurekstur hefur tekið við. Ísafjörður er ekki lengur fiskiðnaðar og útgerðarbær. Hér búa ekki lengur 200 sjómenn en breytingin er eðlileg. Með aukinni tækni hefur störfum fækkað í fiskiðnaði eins og landbúnaði.

Þegar ég fór fyrst að starfa við togaraútgerð á dögum Ísborgarinnar voru 30 manns í áhöfn. Á fyrstu árum skuttogaranna voru þeir að veiða ríflega 4000 tonn á ári með 15 manna áhöfn. Nú eru þessi hraðfiskibátar að bera að landi gífurlegan afla yfir sumarið með fáum mönnum.

Hér á Ísafirði hefur fjölbreytni í atvinnulífinu aukist mjög mikið sem er af hinu góða. Hér var einu sinni verslun á hverju götuhorni og kaupmennirnir bjuggu hér en nú eru hér tvær matvöruverslanir, önnur í eigu Keflvíkinga og hin í eigu einhverra sem enginn veit hverjir eru.

Hér hefur nú verið menntaskóli í 40 ár og komið hingað háskólasetur og mikill fjöldi sem stundar fjarnám gegnum þessar stofnanir.“

Jón Páll er hættur beinum afskiptum af húsfriðunarmálum á Ísafirði en á stuttri ökuferð um bæinn er fljótheyrt að ekki einasta kann hann utan bókar sögu flestra húsa sem merk geta talist heldur hefur fastar skoðanir á því hver ættu að vera næstu verkefni þeirra sem tekið hafa við kyndlinum.

Við ökum niður í Neðsta og margt ber á góma á leiðinni. Þarna er húsið sem var flutt frá Stekkeyri í Hesteyrarfirði, þarna er minnisvarðinn um Ásgeir kaupmann eldra sem var reistur við sumarbústað Stigsrud skipstjóra inni á Uppsalaeyri og var fallinn í gras þegar Jón Páll og félagar hans tóku og fluttu út í Neðstakaupstað.

Við reynum að horfa inn í framtíðina því undir snjónum undir fótum okkar leynist húsgrunnur. Þar skal rísa nýbygging í líkingu við Tjöruhúsið og tengjast næsta húsi en saman munu þau hýsa byggðasafn Vestfjarða og mynda skjól fyrir torgið milli gömlu húsanna. Þar sér Jón Páll fyrir sér að fram muni fara útiskemmtanir og samkomur í átjándu aldar sviðsmynd. Það er flókið og erfitt verkefni að teikna hús sem á að byggja við hliðina á einu samstæðu verslunarhúsa frá tímum dönsku einokunarkaupmannanna sem enn standa á Íslandi. Það hefur Hjörleifur Stefánsson gert og fyrra húsið eftir teikningu hans reis 2005 og kannski verður byggt áfram næsta sumar.

„Ég veit ekki hvað verður. Ég fékk þann heiður að taka fyrstu skóflustunguna að þessari viðbót en svo kemur það í hlut annarra að taka við,“ segir Jón Páll að lokum.

Grein þessi birtist fyrst í jólablaði Vísbendingar, desember 2012.

Fáðu þér bita!

PIPAR/TBWA • SÍA • 112454

Góa
Stofnað 1968

ÍSFIRÐINGAFÉLAGIÐ • STOFNAÐ 1945 •

Eftirtalin fyrirtæki og stofnanir óska Ísfirðingum góðs gengis árið 2013

Fiskverkun Jóhanns
Túngötu 6b • Suðureyri • Símar: 456 6159 - 862 5033

Birnir ehf. útgerðarfélag
Þuríðarbraut 11 • 415 Bolungarvík • Sími: 456 7440

Tálknafjarðarhreppur
Miðtúni 1 • 460 Tálknafirði • Sími: 456 2539

VERK VEST
Verkalýðsfélag Vestfirðinga
Kt. 650102-3470 – Pólgötu 2, 400 Ísafirði
Sími 456 3190 – Bréfsími 456 3113

Vélvirkinn sf. smiðja
Hafnargötu 8 • Bolungarvík • Sími: 456 7348
Verslun: Aðalstræti 13-15 • Sími: 456 7570

Gamla bakarríið
Aðalstræti 24 • 400 Ísafjörður
Sími 456 3226

FRYSTIKERFI ehf
Suðurgötu 9 • Ísafirði • Sími 456-5711

VÖKVAKERFI
verslun & verkstæði
DUGGUVOGI 23 · 104 REYKJAVÍK · SÍMI 588 4600 · FAX 588 4601 · NETFANG vokva@simnet .is

Vestfirska forlagið
Pöntunarsími og fax 456 8181
netfang: jons@snerpa.is · veffang: hraunseyri.is

VÍKUR-ÓS ehf.
BÍLAMÁLUN
Sími: 587 7760 • Bæjarflöt 6 • 112 Reykjavík

Bæjarstjórn Bolungarvíkur
Sendir grönnum sínum bestu kveðjur
Bæjarstjórinn

Bakarinn ehf. Kaffihús
Hafnarstræti 14 • 400 Ísafirði • Sími: 456 4771

Valdimar Gíslason sf.
Völusteinsstræti 22 • 415 Bolungarvík
Símar: 456 7195 og 892 1417

Súðavíkurhreppur

Orkubú Vestfjarða
Stakkanesi 1 • Ísafirði • Sími 450 3211

Kjölur ehf.
Urðarvegi 37 • Ísafirði • Sími: 456 3678

AV-pípulagnir ehf.
Seljalandsvegi 10, 400 Ísafirði. Sími 456 4027
Alfreð s. 892-4844, E. Valgeir s. 893-6981, Þráinn s. 897 4365, Páll s. 897 6795

Græðir sf. Varmadal vinnuvélar
425 Flateyri, sími 456 7652 og 456 7650, fax 456 7651

Líkkistu- og smíðaþjónusta Arnórs
Skipagötu 17 • 400 Ísafjörður • Símar: 456 4143 og 861 4624

SJÓFERÐIR
Hjallavegi 7 • Ísafirði • Sími: 456 3879
Fax: 456 4879 • Farsímar: 892 1879
Bátsferðir og Kiðlsjar

Þórdís Egilsdóttir

Huldukona í íslenskri lista- og handverkssögu

Þórdís Egilsdóttir er án efa ein af huldukonum í íslenskri lista-og handverkssögu 20. aldarinnar. Um verslunarmannahelgina 2012 var opnuð sýning í Gamla sjúkrahúsinu á Eyrartúni á Ísafirði sem stóð fram á haustmánuði, þar var Þórdísar minnst og verk hennar kynnt. Hún var alla tíð mikil hannyrðakona og þekkt fyrir ullarvinnu sína, þar á meðal hyrnur og langsjöl. Það sem hún er aftur á móti landsþekkt fyrir eru útsaumsmyndir sem hún vann úr íslenskri ull og jurtalitum og voru sýndar víða hér heima og erlendis.

Þórdís Egilsdóttir fæddist 14. október 1878 að Kjóastöðum í Biskupstungum í Árnessýslu. Þar ólst hún upp hjá foreldrum sínum Agli Þórðarsyni og Hildi Sveinsdóttur, ásamt systur sinni Steinunni. Kjóastaðir liggja á milli Gullfoss og Geysis þessarra stórbrotnu náttúrufyrirbrigða, stundargang frá hvorum stað.

Systurnar hjálpuðu til eins og þá tíðkaðist til sveita og sinntu störfum jafnt úti sem inni. Snemma var haft á orði hve lagin Þórdís var með ullar- og togvinnu og hve fallegan þráð hún spann. Allt efni og allur fatnaður var unnin heima og varð það hennar skóli og lærdómur. Hún fékk síðar tækifæri til að læra kúnstbróderingu einn vetur í Kaupmannhöfn árið 1923.

Eiginmaður Þórdísar var Þorsteinn Guðmundsson, fæddur 11. desember 1871 á Bergsstöðum í Biskupstungum. Þau gengu í hjónaband árið 1900 og fluttu til Ísafjarðar árið 1903.

Þorsteinn lauk klæðskeranámi hjá Reinhold Anderssen klæðskera-

Ásbyrgi er meðal fyrstu steinhúsanna á Ísafirði og var fullbyggt árið 1910. Þar bjuggu Þórdís og Þorsteinn ásamt því að reka saumastofu í húsinu.

Sonardætur Þórdísar og Þorsteins: Helga Þórdís, Sigrún og Steingerður Gunnarsdætur við myndina Sveitabær sem varðveitt er á Þjóðmingjasafninu.

meistara í Reykjavík og stundaði iðnina þar í nokkur ár. Hann hafði hug á að stofna sitteigið fyrirtæki og valdi Ísafjörð sem framtíðarstað þeirra hjóna. Á þessum árum upp úr aldamótunum 1900 var mikill uppgangur á Ísafirði á og enginn klæðskeri var þar starfandi.

Til Ísafjarðar

Fyrir ungu hjónin sem bæði voru alin upp í sveit í Biskupstungum voru það mikil viðbrigði að flytjast í bæ á lítilli eyri milli hárra fjalla vestur á fjörðum. Í byrjun höfðu þau engin tengsl og voru komin býsna langt frá sínum átthögum eða „sveitinni sinni“ eins og Þórdís kallaði heimahaga sína alla tíð. Á þessum árum var ekkert sem hét að skreppa heim. Ekki er vitað hvort Þórdísi auðnaðist að heimsækja sveitina sína aftur.

Þórdís og Þorsteinn eignuðust þrjú börn, tvö þeirra misstu þau í frumbernsku. Einkasonur þeirra sem upp komst var Gunnar Þorsteinn, fæddur 11. september 1911. Hann nam klæskeraiðn hjá föður sínum og rak saumastofuna með honum uns hann tók við fyrirtækinu. Gunnar Þorsteinn féll frá rétt rúmlega fertugur að aldri 4. júní árið 1953. Þorsteinn lést þremur árum síðar, þann 16. maí 1956. Sonardæturnar eru þrjár, Helga Þórdís, Steingerður og Sigrún og var móðir þeirra María Helgadóttir fædd 1914. Hún var dóttir hjónanna Helga Guðbjartssonar og Sigrúnar Júlíusdóttur. María flutti til Reykjavíkur 1961 ásamt yngstu dóttur sinni, sama ár og tengdamóðir hennar Þórdís lést og bjó þar sína ævidaga til ársins 2002.

Þorsteinn rak klæðskeraverkstæði og saumastofu alla tíð í sama húsi og þau héldu heimili, fyrst í húsi sem þau létu byggja að Smiðjugötu 7. Uppgangur var mikill á Ísafirði á þessum tíma, fljótt varð húsnæðið of lítið og réðst Þorsteinn þá í að byggja stórt hús sem var meðal fyrstu steinhúsanna í bænum. Þetta hús stendur við Brunngötu 10 og er betur þekkt undir nafninu Ásbyrgi og var fullbyggt árið 1910. Það var teiknað af Jóni Páli Gunnarssyni, byggingarmeistari var Ingi Björn Björnsson og múrari Þórður Jónsson. Seinna fluttu þau hjón með sitt heimili og saumastofuna að Hrannargötu 2 og bjuggu þar til æviloka.

Það kom snemma í ljós að Ísafjörður reyndist þeim hjónum heillastaður og verkefni voru næg. Hjá Þorsteini unnu jafnan margar konur við sauma auk þess sem hann hafði oft nema við vinnu. Frá honum útskrifuðust 5 klæðskerasveinar sem allir urðu góðir klæðskerar. Einn af þeim var Kristján Tryggvason klæðskeri á Ísafirði. Margt af fólkinu sem vann hjá fyrirtækinu þáði ýmsa hjálp og aðstoð frá Þórdísi og Þorsteini og nokkrir bjuggu hjá þeim. Starfsfólkinu var vel borgið í höndum þeirra hjóna og það vissu þeir best sem reynt höfðu. Þorsteinn ávann sér skjótt vinsældar og virðingu flestra sem kynntust honum. Hann var iðjusamur og vandvirkur, mjög greiðvikinn, léttur í máli og jafnan skemmtinn. Hann var einn þeirra sem vildi hverjum manni vel.

Samtíða Þorsteini við klæðskeranámið í Reykjavík var Elís Ólafsson frá Kaðalsstöðum í Borgarfirði, fædd-

Þórdís vann saumagarnið í myndunum alfarið sjálf, íslensk ull sem hún hærði, kembdi, spann og litaði með íslenskum jurtalitum. (Ljósm. Þorsteinn Traustason, faktor123.is).

ur 11. desember 1875. Með þeim Þorsteini og Elís tókst órofa vinátta og fluttist Elís með þeim hjónum til Ísafjarðar og bjó hjá þeim upp frá því. Elís var einstaklega verklaginn maður. Hann sat löngum stundum við vefstólinn og óf tehettur sem urðu mjög vinsælar á Ísafirði og víða um land. Þessa iðju stundaði hann í mörg ár og áður en tilbúin vattering fékkst, bjó hann það til úr fóðurefnum og vatti sem meðal annars var notað í axlapúða. Hann vann einnig mikið við garðrækt, m.a. við Blómagarð Ísafjarðar. Elís bjó áfram að Hrannargötu 2 eftir að Þorsteinn og Þórdís féllu frá. Þótt nýir eigendur hefðu fest kaup á húsinu var svo búið um hnúta að Elís hefði þar sitt herbergi áfram. Hann lést 99 ára gamall árið 1974.

Í Þorsteinshúsi

Í Þorsteinshúsi, eins og heimili þeirra hjóna var kallað, var alltaf mikið um að vera og margt um manninn. Mikið var spilað og sagt í gríni að oft hafi náðst að spila átta kvöld í viku. Þá var sunnudagurinn talinn tvisvar því spilað var eftir hádegisverð og síðan aftur um kvöldið. Elís elskaði að spila og gekk hann alltaf með spilastokk í vasanum. Hann heyrði illa og átti erfitt með að taka þátt í samræðum en hefði einhver áhuga á því að spila var hann óðara búinn að draga upp stokkinn og gefa.

Vinirnir og samstarfsfélagarnir Þorsteinn og Elís voru báðir fæddir 11. desember og varð það fljótt fastur hátíðisdagur í Þorsteinshúsi og mikill tilhlökkunardagur hjá fjöskyldunni. Margir gestir litu við og fólk skemmti sér vel.

Það bar snemma á listfengi Þórdísar við hannyrðir, þótti hún sérstaklega lagin við ullar og togvinnu, natin og vandvirk. Á Ísafirði snéri hún sér alfarið að þessu hugðarefni sínu ásamt því að reka stórt og gestkvæmt heimili. Þórdís var auk þess góður teiknari og eftir hana liggur margs konar handavinna, bæði saumuð og prjónuð.

Í safni Heimilisiðnaðarfélags Íslands eru varðveittir nokkrir kjörgripir. Einn þeirra er hyrna sem til er uppskrift af og er hægt að nálgast í tímaritinu *Hugur og hönd* frá 1978. Hyrnan er prjónuð úr örfínu tvinnuðu þelbandi og er aðallitur hvítur en í bekkjum og blúndu eru ótal mógrá og mórauð litbrigði samkembd þannig að varla sjást litaskil. Engar skráðar heimildir eru til um hyrnuna en af samanburði við aðrar hyrnur sem vitað er að unnar voru af Þórdísi má telja nær víst að þessi hyrna Heimilisiðnaðarfélagsins sé frá henni komin. Hyrnan er því nefnd Þórdísarhyrna.

Myndin Íslensk kvöldvaka sem sýnd var á heimssýningunni í New York 1939 og varðveitt er á Bessastöðum.

Margir hafa undrast afkastagetu Þórdísar um ævina en hún var ein þeirra sem lengdi daginn eða stytti nóttina til að sinna þessari ástríðu sinni. Hún átti sér þó fleiri áhugamál, las mikið, hafði gaman af kveðskap og var einstaklega fróðleiksfús. Hún starfaði einnig að mannúðar- og félagsmálum, einkum á vegum Kvenfélagsins Hlífar þar sem hún var stofnfélagi. Átti hún forkunnarfagran handavinnukistil úr mahogni með útskorinni inngreyptri mynd af Ísafirði sem félagskonur í Hlíf gáfu henni eitt sinn sem þakklætisvott.

Þórdís var mikil búkona og tók til dæmis fleiri slátur en títt var, oft þrisvar sinnum yfir sláturtíðina. Sonardæturnar þrjár minnast þess að þegar þær voru búnar að sitja hálfan daginn og halda í ristil og héldu að

Elís var ekki einungis vinur Þorsteins heldur einnig sonar hans Gunnars Þorsteins. Hér eru þeir á ferðalagi í fæðingarsveit Elísar í Borgarfirði.

nú væri þessu lokið reyndist það vera óskhyggja. Þær áttu eftir að mæta næstu tvær vikurnar og halda í fleiri ristla og sauma vambir. Fyrir ömmu þeirra var þetta eðlilegasti hlutur og eftir á að hyggja gera systurnar sér grein fyrir því hvað amma þeirra hafi verið einstaklega dugleg og afkastamikil.

Íslensk kvöldvaka

Árið 1921 tók Þórdís þátt í handavinnusýningu í Reykjavík og hlaut viðurkenningarskjal fyrir þátttöku sína. Vorið 1930 var haldin landssýning á heimilisiðnaði í Reykjavík. Munir á sýningunni komu víða að af landinu og voru margir þeirra fagrir og gerðir af miklum hagleik. Þar á meðal var saumuð veggmynd eftir Þórdísi sem sýndi íslenska kvöldvöku á baðstofulofti. Stærð myndarinnar er 1 m x 1,5 m, litirnir eðlilegir og svo vel saumuð að aðdáun vakti. Saumagarnið var úr íslenskri ull unnið af henni sjálfri, hún hafði hært ullina, kembt, spunnið og litað. Litina hafði hún blandað sjálf, flesta úr jurtum. Hún var mjög kröfuhörð við sjálfa sig og hætti ekki fyrr en hún hafði náð þeim litbrigðum sem henni líkaði. Myndina teiknaði Ríkharður Jónson eftir fyrirsögn Þórdísar. Sönn lýsing á kvöldvöku eins og þær tíðkuðust á myndarheimilum á æskuárum Þórdísar.



Framkvæmdastjórn Íslandssýningar í New York 1939

Reykjavík, 2. maí 1938.

Í framhaldi af því, sem vjer höfum áður tilkynt um ákvarðanir viðvíkjandi Íslandssýningunni í New York, leyfum vjer oss að senda yður hjálagt endurrit af tillögum, sem framkvæmdastjórnin hefir nýlega borið upp við sýningarráð og það samþykt. Jafnfrant skal þess getið að ákveðið hefir verið að gefa út 4 smárit á ensku um þau efni er hjer segir:

Ísland sem ferðamannaland
Atvinnuhættir á Íslandi
Social löggjöf og störf
Saga Íslands, bókmentir og listir

Virðingarfylst,
FRAMKVÆMDANEFND ÍSLANDSSÝNINGAR Í NEW YORK 1939,
Ragna Ólafsdóttir
ritari

Til
skrifstofu ráðherra, sem fer með utanríkismál,
Stjórnarráðinu.

FORSÆTISRÁÐHERRA
Dagb. 3 nr 290 4/5-38

Heimssýningar hafa alla tíð verið mikilvægar landkynnningar og haldnar til að gefa þjóðum heims færi á að kynna það besta sem þær höfðu fram að færa. Vilhjálmur Þór, Ragnar E. Kvaran og Haraldur Árnason eins og sjá má í efra horni bréfsins sátu í framkvæmdanefnd af Íslands hálfu fyrir heimssýninguna 1939. (Ljósmynd af skjali. Þjóðskjalasafnið, http://www.skjaladagur.is).

Þórdís Egilsdóttir ásamt eiginmanni sínum Þorteini Guðmundssyni klæðskera.

Sveitabær

Veturinn 1937 hafði Þórdís lokið við að sauma aðra mynd sem var bæði stærri og margháttaðri. Myndin er af sveitabæ með landslagi að baki og heyönnum á túninu. Einnig eru öll íslensku húsdýrin á myndinni. Ríkharður Jónsson teiknaði myndina að mestu leyti en að teikningunni kom einnig Gunnar Klængsson kennari. Það er eins með þessa mynd og Íslensku kvöldvökuna að hver nálarþráður í henni er unninn af Þórdísi sjálfri. Í bók Halldóru Bjarnadóttur hannyrðakonu segir að í myndinni séu 206 litir. Fyrir áskorun vina og kunningja hélt Þórdís sýningu í Reykjavík sama vetur. Þá stóð fyrir dyrum heimssýningin í New York og var Íslendingum boðin þátttaka og undirbúningur í fullum gangi.

Heimssýningin í New York árið 1939

Það varð úr að myndir Þórdísar Íslensk kvöldvaka og *Sveitabær* voru fengnar að láni til að vera til sýnis í skála Íslands á heimssýningunni í New York árið 1939.

Þetta var í fyrsta sinn sem Ísland tók þátt í veraldarsýngunni með sérstakan skála sem var vel staðsettur. Við inngang sýningarskálans var afsteypa styttunnar sem Bandaríkjamenn gáfu Íslendingum árið 1930 af Leifi

Eiríkssyni eftir myndhöggvarann Sterling Calder. Þeirri sem stendur á Skólavörðuholtinu fyrir framan Hallgrímskirkju. Milljónir gesta sóttu sýningun og strax á fyrsta degi höfðu mörg þúsund manns heimsótt íslenska skálann.

Bandaríkjamenn vildu kaupa myndir Þórdísar en það tók hún ekki í mál. Myndirnar höfðu tilfinningalegt gildi og voru minningar hennar af sveitinni sinni. Hún sagði að hennar sveit ætti heima á Íslandi. Ósk Þórdísar rættist þegar íslenska ríkið keypti seinna myndirnar og er „sveitin hennar“ myndin *Sveitabær* varðveitt á Þjóðminjasafni Íslands og Íslensk kvöldvaka á Bessastöðum.

Bæði verkin voru til sýnis á sýningunni í Gamla sjúkrahúsinu líkt og á heimssýningunni í New York árið 1939.

Þórdís saumaði einnig tvær myndir af Þingvöllum og er önnur þeirra í eigu Listasafns Íslands og er í Alþingishúsinu. Hin myndin er í eigu afkomenda.

Þórdís vann að hannyrðum allt til síðasta dags. Hún lá á Sjúkrahúsi Ísafjarðar hluta síðasta æviárs síns en fór heim í Hrannargötuna á daginn til að vinna. Þórdís lést á Ísafirði 11. maí árið 1961 á 83. aldursári.

Tveimur árum fyrir andlátið tók hún þátt í samsýningu Norðurlandanna í París, Formes Scandinaves, ásamt mörgum af þekktustu listamönnum Norðurlanda. Ættingar hennar vissu ekki um þátttöku hennar fyrr en að henni látinni þegar þeir fundu sýningarskrána. Þetta lýsir Þórdísi vel, hún stundaði iðju sína af ástríðu og natni alla tíð, var ekki þekkt fyrir að tala um afköst sín og tók með stillingu og hóvæð þeirri viðurkenningu sem henni hlotnaðist.

Verk Þórdísar Egilsdóttur eiga eftir að lifa í sögu þjóðarinnar sem merkur menningararfur um ókomna tíð.

Þeir aðilar sem stóðu að sýngunni í Safnahúsinu á Ísafirði voru afkomendur Þórdísar Egilsdóttur, Forsetaembættið, Þjóðminjasafnið, DressUp games ehf, Meningarráð Vestfjarða og Kvenfélagið Hlíf á Ísafirði.

Edda Pétursdóttir tók saman.
Byggt á upplýsingum Sigrúnar og Steingerðar Gunnarsdætra.
(Ljósmyndir eru úr myndasafni fjölskyldunnar).

Þórdís situr með son sinn Gunnar Þorstein í fanginu, í stofunni á heimili þeirra í Ásbyrgi. Hin konan á myndinni er ópekkt.

PIPAR\TBWA - SÍA

15 kr. afsláttur

af lítranum í 10. hvert skipti sem þú dælir 25 lítrum eða meira með ÓB-lyklinum.

Sæktu um ÓB-lykil núna á ob.is.

1. Sérafslættir (-10 kr. í fyrsta skipti, -10 kr. á afmælisdaginn og -15 kr. í 10. hvert skipti) koma ekki til viðbótar við aðra afslætti eða önnur viðskiptakjör. Nánar á ob.is.
2. Til að safna Vildarpunktum Icelandair þarf lykillinn að vera tengdur við Visa eða American Express Vildarkort Icelandair. Einnig er hægt að tengja lykillinn Viðskiptakorti Olís og safna Vildarpunktum. Punktasöfnun er 1,5% af upphæð, sem gerir um 3,75 kr. afslátt í formi Vildarpunkta Icelandair.

Kristján G. Jóhannsson
Vertinn á Uppsölum og kaupmannsdóttirin

Á sólkveðjuhátíð Ísfirðingafélagsins þann 7. október 2012 flutti Kristján G. Jóhannsson erindi um bók sína „Vertinn á Uppsölum og kaupmannsdóttirin“, sem fjallar um ættir og lífshlaup foreldra hans, Jóhanns Júlíussonar frá Atlastöðum í Fljótavík og Margrétar Leósdóttur frá Ísafirði. Titill bókarinnar vísar til þess að þegar þau kynntust árið 1943 rak Jóhann veitingastaðinn Uppsali á Ísafirði og foreldrar Margrétar höfðu rekið þar verslun um áratugaskeið. Bókin skiptist í þrjá hluta.Sá fyrsti fjallar um Jóhann, ættir hans og lífshlaup til 1943, annar hlutinn um Margréti, ættir hennar og lífshlaup fram til sama tíma, og í lokakaflanum er síðan farið yfir sameiginlegt lífshlaup þeirra. Hér á eftir fara nokkrir kaflar úr bókinni.

Þoldi aldrei rollurnar

Fyrstu níu árin ólst Jóhann upp hjá foreldrum sínum að Atlastöðum í Fljótavík og fór fljótlega að hjálpa til við búskapinn eftir föngum.

> Eins og þá var venja fór Jóhann ungur að árum að stunda alla algenga vinnu við búskapinn og síðar sjómennsku á smábát með föður sínum. (Blaðið Ísfirðingur, 4. apríl 1962, bls. 1)

Árið 1921 skokkaði ungur drengur úr Fljótavík yfir til Hesteyrar þar sem hann átti að dvelja hjá eldri hjónum um hríð, þeim Benedikt og Hjálmfríði á Langavöllum. Voru þau komin fast að sjötugu og veitti ekki af aðstoð við búskapinn og fleira. Tveir synir þeirra höfðu farist í sjóslysi fimm árum áður og dóttir þeirra gifst og flutt norður í Eyjafjörð. Fóstursonur þeirra Jón Stefán Guðjónsson var nýkominn vestur, útskrifaður loftskeytamaður og bar með sér nýja tíma í þetta litla þorp. Undanfarin fimmtán ár höfðu Íslendingar verið að komast í samband við umheiminn með lagningu símalína um landið og til útlanda. Sléttuhreppur, þar sem tæplega 500 manns bjuggu, eða um hálft prósent þjóðarinnar, var ekki tengdur símakerfi landsins. Úr því rættist vorið 1921 þegar loftskeytamaðurinn Jón Stefán lauk við uppsetningu loftskeytastöðvar á Hesteyri, sem kom hreppnum í beint samband við aðra landsmenn. Það voru mikil viðbrigði fyrir ungan dreng að koma úr Fljótavík, þar sem stundaður var að mestu sjálfþurftarbúskapur. Á Hesteyri hafði myndast 60-70 íbúa þorp, sem þar að auki hafði komist í snertingu við iðnbyltinguna og vélar síldarverksmiðjunnar höfðu leyst handaflið af hólmi. Skóli var í þorpinu og rafmagnið fyrir loftskeytastöðina notað til að lýsa upp skólastofuna. (Loftskeytamenn og fjarskiptin, bls. 440-441)

Rósa Guðbjartsdóttir blaðamaður á Dagblaðinu - Vísi innti Jóhann eftir þessu æviskeiði hans og við grípum ofan í kafla undir fyrirsögninni Þoldi aldrei rollurnar:

> „Jóhann segist sem níu ára óþekkur strákur hafa verið sendur til Hesteyrar í fóstur í fimm ár. Þar átti hann að hjálpa til við húsverkin, heyja og passa rollurnar.
>
> Ég þoldi aldrei rollurnar og kom mér undan því að þurfa að hugsa um þær. Yfir sumarmánuðina sá ég um skeytasendingarnar fyrir Thorsarana í Kveldúlfi þegar þeir voru upp á sitt besta. Þá sótti ég fyrir þá skeytin sem þeim bárust frá Reykjavík og erlendis frá. Fyrir þetta græddi ég bara þó nokkuð og gat þá keypt aðra stráka til að sjá um rollurnar. Þannig losnaði ég undan rollunum“ segir Jóhann og hlær prakkaralega. (Úr viðtali Rósu Guðbjartsdóttur í Dagblaðinu –Vísi, 29. júlí 1988)

Fjórtán ára fór Jóhann aftur til Fljótavíkur og réri með föður sínum á vorin á litlum árabát. Hann sagði að það hefði verið ansi erfitt, en pabbi sinn hefði ætíð fiskað vel. Nokkrum árum síðar hélt hann aftur til Hesteyrar og vann þá m.a. í síldarverksmiðjunni á Stekkeyri. Nýir tímar og ný tækifæri biðu hinum megin Djúps.

Bílaöld rennur upp á Ísafirði

Fyrsti bíllinn kom til Ísafjarðar vorið 1920, fólksbíll af Ford gerð, en hann var einungis eitt sumar á

Frá árdögum bílaaldar á Ísafirði. Ljósmynd Ágúst Leós.

Listasel

Opin vinnustofa í Listaseli
eftir samkomulagi.

Ný olíuverk og verk unnin í blandaða tækni á pappír.
Nánari upplýsingar eru í síma 89 17 6 18.
Einnig er hægt að skrá sig á www.erlaaxels.com og
leiðarlýsing að Listaseli verður send til þín.

Erla Axels

Erla Axels, Bolholt 6 & Listasel, s: 568-0010 & 891-7618, erla@erlaaxels.com, www.erlaaxels.com

Íslandspóstur hf

Hafnarstræti 9–13
400 Ísafjörður

ÍSFIRÐINGAFÉLAGIÐ
STOFNAÐ 1945

Kæru félagsmenn!
Munið nýju heimasíðuna
okkar og netfangið
www.isfirdingafelagid.is –
isfirdingafelagid@
isfirdingafelagid.is

Byggðasafn Vestfjarða
Westfjords Heritage Museum
Ísafjörður - sími / tel.: 456 3297 - 896 3291 - byggdasafn@isafjordur.is

15. MAÍ - 15. SEPTEMBER
KL. 9 - 18

www.nedsti.is GPS: 66° 4,088'N, 23° 7,644'W

Það ber árangur
að auglýsa
hjá okkur!

Kópavogsblaðið
Vesturbæjarblaðið
Breiðholtsblaðið
NES FRÉTTIR

borgar blöð

Vesturgötu 15 • 101 Reykjavík
Sími: 511 1188 • borgarblod@borgarblod.is
www.borgarblod.is

ÍSFIRÐINGAFÉLAGIÐ • STOFNAÐ 1945 •

Eftirtalin fyrirtæki og stofnanir óska Ísfirðingum góðs gengis árið 2013

Rörás ehf.
Suðurtanga 2, 400 Ísafirði, sími: 456 3345
Valur Richter 864 1341, Össur Össurarson 898 3802

DENGSI ehf. VELTISKILTI
Dugguvogi 1b • 104 Reykjavík • Sími 588 4097 • Fars. 896 1697

Harðfiskverkun Einars Guðbjartssonar
Drafnargötu 6, 425 Flateyri, sími 456 7671 og 852 4071

Bæjarskrifstofan Patreksfirði
Aðalstræti 63 • 450 Patreksfjörður • Sími: 450 2300

Reykhólahreppur
Reykhólum · Króksfjarðarnesi
Sími 434 7880

Birkir ehf.
Hafnarstræti 6 · Ísafirði
Sími 456 3990

FISKVINNSLAN ÍSLANDSSAGA hf.
Freyjugata 2, 430 Suðureyri, sími: 456 6300

Landsbanki Íslands
Pólgötu 1 • Ísafirði • Sími 410 4156

FMS
Fiskmarkaður Suðurnesja hf
Ísafirði

Vélsmiðjan og Mjölnir ehf.
Mávakambi 2 - 415 Bolungarvík
Sími 456 7478

Vöru-, krana og körfubílar
Laugi ehf.
Sími 892 2079
Bíla- og hjólbarðaverkstæði SB
Sími 456 3033, Sindragötu 3, 400 Ísafirði

Samkaup úrval
Hafnarstræti 9, 400 Ísafjörður • Sími 456 5460

Vélsmiðja Ísafjarðar Sundahöfn • Sími 456 3910

Tannlæknastofan
Torfnesi, Ísafirði, sími: 456 3737

Þórsberg ehf.
Strandgötu 25 • 460 Tálknafirði

Sýslumaðurinn á Ísafirði
Stjórnsýsluhúsinu Hafnarstræti 1, 400 Ísafjörður, sími 450 3700

Félag opinberra starfsmanna á Vestfjörðum
Aðalstræti 24, Ísafirði, sími 456 4407

FJARÐANET
Strandgötu 1 • 740 Neskaupstað • Sími 4 700 802, GSM 856 0802

Bæjar- og Héraðsbókasafnið Ísafirði
Eyrartúni, 400 Ísafirði, Sími 450 8220

Ísafirði. Árið eftir fékk Sigmundur Sæmundsson bíl af gerðinni Ford –T, með palli og tveimur sætum frammí, fyrir ökumann og einn farþega. Sigmundur setti bekki á pallinn og flutti fólk í skemmtiferðir um bæinn. Vinsælt var að fara inn í Tungudal eða Skóg eins og Ísfirðingar kölluðu það. Ruddur var vegarslóði þangað og nokkrum árum síðar niður í Suðurtanga. Sumarið 1925 lét veganefnd vinna að umfangsmiklum viðgerðum á veginum út í Hnífsdal auk þess sem vinna stóð yfir við lagningu Seljalandsvegar.

Mátti þá heita sæmilega greiðfært bílum frá Ísafirði til Hnífsdals og inn í fjörð. (Saga Ísafjarðar, IV. bindi, bls. 110-112).

Ungur maður á Hesteyri fylgdist með þessum nýjungum og kannski rak hann augun í auglýsingu í blaðinu Vesturlandi í maí árið 1930, sem hljóðaði svo:

> Bílstjórakennsla
>
> Ég undirritaður tek að mér að kenna akstur og meðferð bifreiða.
>
> Bifr.stj. Finnbogi Magnússon
>
> Tangagötu 15 A, Ísafirði
>
> (Blaðið Vesturland, 7. maí 1930, baksíða)

Jóhann orðaði þetta svo í viðtali í blaðinu Vísi árið 1988.

> En hingað til Ísafjarðar kom ég 18 ára gamall, gagngert til að læra á bíl. Ég keypti helming í bíl á móti Boga (Finnboga) Magnússyni, sem var mikill bisnessmaður hér fyrir vestan. Það gekk ágætlega. (Úr viðtali Rósu Guðbjartsdóttur í Dagblaðinu –Vísi, 29. júlí 1988)

Í bifreiðaskrá fyrir Ísafjarðarsýslur og Ísafjarðarkaupstað árin 1930-1945 kemur fram að þann 10. maí 1931 eignaðist Jóhann H. Júlíusson, Aðalvík, skv. afsali frá Finnboga Magnússyni hlut í bifreiðinni ÍS 8. Um var að ræða Ford vörubifreið, fyrst skráð árið 1926, með 20 hestafla vél, 904 kg. að þyngd. Breiddin var 1,74 metrar og tala leyfilegra farþega einn.

Nítján ára var Jóhann orðinn bíleigandi og þótt ekki væri hægt að keyra langt, voru samt ýmsir sem nýttu sér þessa nýju tækni. Ungu kynslóðinni leiddist ekki að vera „af tilviljun“ stödd þar sem bíllinn átti leið um og fengu þá að sitja í smáspöl.

Jóhann Júlíusson um þrítugt. (Úr myndasafni Jóhanns Júlíussonar)

Víst er að Jóhann tók ýmsa upp í og eru mörg dæmi um að menn minntust þess áratugum síðar að hafa oft fengið að fljóta með honum.

Bróðir Finnboga meðeiganda Jóhanns var listmálarinn Kristján Helgi Magnússon, sem hafði haldið málverkasýningar víða erlendis, bæði austanhafs og vestan, en lést fyrir aldur fram árið 1937. Jóhann fór með hann um næsta nágrenni Ísafjarðar á bílnum og þar málaði Kristján ýmsar landslagsmyndir.

Óhægt var um vik að stunda akstur yfir veturinn og lagði Jóhann númer bílsins inn í lok október 1931 og tók þau síðan út 12. mars 1932. Sjálfsagt hefur þá legið beinast við að stunda sjómennsku yfir háveturinn.

Söðlasmiður á Ísafirði

Leó Eyjólfsson ólst upp hjá foreldrum sínum að Múla í Gilsfirði og tók fljótt þátt í almennum bústörfum eins og þá tíðkaðist. Móðir hans féll frá þegar hann var rétt orðinn 17 ára gamall og eldri systir hans Hallfríður tók við húsmóðurstörfum á fjölmennu heimili. Fljótlega hleypti Leó heimdraganum og hélt til náms í söðlasmíði hjá Jóni Jónssyni frá Laugabóli, bónda í Tröllatungu, en hann var föðurbróðir Kristínar, sem síðar varð eiginkona hans. Jón fæddist á Laugabóli í Ísafirði árið 1859 og var formaður í Bolungarvík á yngri árum, en lærði síðar söðlasmíði og stundaði þá iðn ævilangt og var auk þess bóndi í Tröllatungu í Strandasýslu á árunum 1887-1921. Í bókinni Strandamenn segir m.a svo um búskap Jóns:

> Gerði miklar umbætur á jörð sinni, rak þar stórbú og viðbrugðið var, hve hreinlætis, hirðusemi og snyrtimennsku gætti jafna á heimili hans. Hlaut verðlaun úr Styrktarsjóði Kristján IX. (Strandamenn, æviskrár1703-1953, bls. 270).

Náminu lauk Leó árið 1892, en sama ár flutti hann til Ísafjarðar og er á lista yfir innkomna í ministeralbók sýslumannsins á Ísafirði það ár. Hann hóf að stunda iðn sína og fyrsta auglýsingin, sem fundist hefur í bæjarblöðum á Ísafirði um starfsemi hans birtist í Þjóðviljanum unga á Þorláksmessu árið 1893 og hljóðar hún svo:

> Hjá undirrituðum fást ný reiðtygi, og alls konar ólar, er til heyra reiðskap. Einnig veiti jeg aðgerð fornum reiðtygjum. Enn fremur sel eg töskur, sjóskó, mittis-ólar, úlfnliðaskjól og ólar í skauta. – Þeir, sem panta vilja hjá mér ný reiðtygi, eða vilja fá aðgerð á fornum reiðtygjum á þessum vetri, ættu að gera það sem fyrst.
>
> Ísafirði 17. des. 1893, Leó Eyjólfsson, söðlasmiður
>
> (Þjóðviljinn ungi, 23. desember 1893, III. árgangur, bls. 6)

Halla systir Leós bjó á Laugabóli í Ísafirði og þar kynntist Leó ungri heimasætu, Kristínu Halldórsdóttur. Hún var bróðurdóttir Þórðar eiginmanns Höllu og alin upp hjá afa sínum og ömmu á Laugabóli. Þau giftu sig 4. maí 1897 og bjuggu fyrst í Fjarðarstræti 39.

Árið 1866 fékk Ísafjörður kaupstaðarréttindi, en þótt Eyri við Skutulsfjörð væri landnámsjörð myndaðist ekki þéttbýli þar fyrr en líða tók á nítjándu öldina. Íbúar árið 1866 voru einungis 220 og land kaupstaðarins náði upp að Hæstakaupstað eða þar sem miðbær Ísafjarðar er nú. Mikill uppgangur var á Ísafirði er Leó flutti þangað og sést það vel á því að 1892 voru íbúar kaupstaðarins 767, en fjölgaði hratt næstu árin og um aldamót bjuggu þar 1067 manns. Fjölgun íbúa krafðist meira byggingarlands svo byggðin færðist upp eftir

Templaragata 8, áður Ísleifshús. Nafni götunnar var síðan breytt í Hrannargötu árið 1929. (úr myndasafni Margrétar Leós).

eyrinni og því ákvað byggingarnefnd Ísafjarðarkaupstaðar sumarið 1896 að afmarka með þollum nýju götu ofarlega á eyrinni og útmæla þar lóð fyrir bindindisfélagið Dagsbrún. Fljótlega hlaut gatan nafnið Templaragata og hélt því nafni til ársins 1929, en fékk þá nafnið Hrannargata. (Saga Ísafjarðar og Eyrarhrepps hins forna, II. bindi,bls. 16-17).

Kaupa Ísleifshús

Samkvæmt veðmálabók bæjarfógetans á Ísafirði festi Leó Eyjólfsson kaup á svokölluðu Ísleifshúsi, sem síðar varð Templaragata 8, samkvæmt kaupsamningi 30. janúar 1901 fyrir kr. 2.200.- Afsal var gefið út 1. apríl 1901 og þar segir m.a.:

> Jeg undirritaður Árni Sveinsson kaupm. á Ísafirði, afsala hjer með frá mjer og mínum erfingjum til hr. Söðlasmiðs Leó Eyjólfssonar á Ísafirði hús mitt hið svonefnda Ísleifshús með öllu múr- og naglföstu samkvæmt kaupsamningi dags. 30. janúar þ árs og með því að velnefndur Leó Eyjólfsson hefur borgað í sparisjóðinn á Ísafirði fyrir mína hönd 500 kr., borgað mér 500 kr. og gefið út veðskuldabréf fyrir afanginum kr. 1.200,oo lýsi jeg hann rjettan eiganda að nefndu húsi sem hann má hagnýta sjer sem hann bezt kann. (Veðmálabók Bæjarfógetans á Ísafirði).

Ungu hjónin fluttu sig um set og húsið varð bæði íbúð og vinnustaður. Fyrstu árin stundaði Leó eingöngu söðlasmíði, en byrjaði árið 1903 að versla með skófatnað og leðurvörur. Fjölgun íbúa gerði kleift að starfrækja verslun og frá árinu 1912 lifðu þau eingöngu af versluninni eins og kemur fram í auglýsingu í blaðinu Vestra:

> Söðlasmíði stunda ég ekki framvegis, hefi selt Hreiðari bróður mínum það í hendur, bið því menn að snúa sér til hans með alt þar að lútandi.
>
> Þakka eg viðskiftavinum fyrir viðskiftin og vona að þeir sýni bróður mínum sömu skilvísi og þeir hafa sýnt mér.
>
> Ísafirði 20/9 1912, Leó Eyjólfsson. (Vestri, 27 tbl., 21. september 1912, bls. 146).

Árið 1914 réðist hann í stækkun hússins í Templaragötu eins og áður hefur verið greint frá. Þá var svokallaður steinendi byggður og þar fékkst aukið rými fyrir verslunina. Umsvifin virðast hafa vaxið töluvert á þessum árum og vitna má í auglýsingu, sem birtist í blaðinu Vestra fyrir jólin árið 1910

> Enginn á Ísafirði hefir nú meiri birgðir af skófatnaði en Leó Eyjólfsson. – Mörg hundruð pörum úr að velja og von á viðbót með næstu ferð. (Vestri, 4. tbl., 3. desember 1910, bls. 16).

Hnyttnar auglýsingar

Auglýsingar Leós í bæjarblöðunum voru oft á tíðum nokkuð hnyttnar og óvenjulegar og skulum við líta á eina frá árinu 1912, þar segir:

> Fyrsta
>
> Hugsið um ykkar eigin hag og kaupið vöruna þar sem hún er ódýrust en jafn góð. Leó Eyjólfsson selur ódýrastan skófatnað á Ísafirði.
>
> Annað
>
> Þar er úr mörghundruð pörum að velja.
>
> Og
>
> Þá er blásvertan góða og stígvélaáburður ½ pd. dósir á 30 aura.
>
> Býður nokkur betur?
>
> (Blaðið Vestri, 14 tbl. 13. apríl 1912, bls. 55)

Húsið var vinnustaður Leós um þriggja áratuga skeið og heimili fjölskyldunnar í yfir fimmtíu ár, enda var Leó ekki mikið fyrir breytingar, sem vel var lýst í minningarorðum um hann í Vesturlandi, en þar segir:

> Sást á því sem öðru, að Leó var ekki breytingagjarn. Var það trú hans að sjaldan greri kringum oft hrærðan stein. (Vesturland 30. mars 1940, bls. 48).

Það var stórt heimilið í Templaragötunni. Þórhallur fæddur árið 1900, Jón Halldór árið 1901, Eyjólfur Ámundi árið 1905, Jóhann Ágúst 1908 og tvíburarnir Kristján Ísfjörð og Leó Geirdal árið 1911. Bræðurnir voru því á aldrinum 3ja til 14 ára þegar prinsessan á bænum fæddist um sumarsólstöður árið 1914.

Margrét ólst upp við ástríki foreldra og bræðra í húsinu nr. 8 við Templaragötu, sem var á þeim tíma bæði heimili og vinnustaður húsbóndans. Í bakgarðinum voru haldnar skepnur, kýr og hestar og tún leigt ofar í bænum til að heyja fyrir þær.

Margrét sótti nám í Barnaskóla Ísafjarðar, á þeim árum var skólaskylda hjá börnum 10-14 ára, en sett hafði verið upp svokölluð stöfunardeild fyrir börn á aldrinum 8-10 ára. Ekki fóru allir í þá deild og hygg ég að Margrét hafi verið hjá Karitas Hafliðadóttur um tíma, sem sinnti svokallaðri „smábarnakennslu" um áratugaskeið.

Unglingaskóli var settur á stofn

Margrét Leósdóttir ung að árum. (Ljósm. M. Simson/ úr myndasafni Margrétar Leós).

á Ísafirði árið 1906, var um tveggja vetra nám að ræða. Yfirleitt voru kennslustundir 30 á viku og kennt var síðdegis. Námsgreinar voru íslenska, enska, danska, reikningur, náttúrufræði, landafræði, saga, teiknun og söngur. Margrét stundaði nám við skólann á árunum 1928 til 1930 og minntist hún oft þeirra góðu kennara, sem störfuðu við skólann, ekki síst Hans Einarssonar, sem var afskaplega hægur maður, en tókst vel að halda uppi aga og fræða unglingana.

Hjálparhella móður sinnar

Móður sinni var Margrét mikil hjálparhella við annasöm störf á stóru heimili. Henni bauðst að fara til náms annað hvort til Akureyrar eða Kaupmannahafnar, þar sem móðursystir hennar Guðrún María Halldórsdóttir bjó ásamt eiginmanni sínum Ásgeiri Pétursyni útgerðarmanni. Hún valdi hins vegar að fara í Húsmæðraskólanum Ósk á Ísafirði, sem starfaði með miklum blóma á þessum árum. Skólinn var stofnaður árið 1912 en skólahald féll niður fimm árum síðar m.a. vegna kolaskorts. Kennsla hófst aftur árið 1924, en þá tók fröken Gyða Maríasdóttir við forstöðu skólans. Hún var rúmlega þrítug og hafði dvalið í Danmörku um hríð. Þar nam hún húsmæðrafræðslu í skólum og starfaði á matsöluhúsum.

Þannig að haustið 1934 settust vinkonurnar úr Hrannargötunni, Margrét og Ragnhildur dóttir Eiríks Einarssonar skipstjóra, ásamt 17 öðrum námsmeyjum víða að af landinu á skólabekk í Húsmæðraskólanum Ósk. Skólinn var heimavistarskóli og til húsa að Fjarðarstræti 24, þar sem Salemsöfnuðurinn er nú til húsa. Námskeiðið var fjórir mánuðir og lauk í lok janúar, helstu námsgreinar voru matreiðsla og handavinna. Margrét bar mikla virðingu fyrir forstöðukonunni og alla tíð nefndi hún hana Fröken Gyðu og vitnaði oft til hennar um margt er sneri að matseld. Ítarleg verkefnabók með alls konar uppskriftum var afrakstur námsins og er hún vel varðveitt. Fröken Gyða varð ekki langlíf, en hún lést árið 1936 aðeins 45 ára að aldri.

Fyrst um sinn eftir að náminu við Húsmæðraskólann lauk aðstoðaði Margrét móður sína við heimilishaldið. Árið 1937 tók hún sig upp, hélt til Reykjavíkur og gerðist ráðskona hjá þremur bræðrum sínum, þeim Jóni, Eyjólfi og Leó. Hlutverk ráðskonunnar var fjölbreytt og erilsamt. Störf bræðranna kröfðust þess að þeir væru óaðfinnanlega klæddir. Skyrturnar og flibbana þurfti að stífa upp á gamla mátann.

Vertinn á Uppsölum og kaupmannsdóttirin

Það snjóaði á Ísafirði 26. júlí á því herrans ári 1943 og það stóð mikið til í Leós-fjölskyldunni því Halla Einarsdóttir, eiginkona Kristjáns Ísfjörð bróður Margrétar, eignaðist tvíbura þá um nóttina. Margrét var stödd á Ísafirði í frí frá ráðskonustörfum í Reykjavík og var send niður í apótek til að ná í meðul fyrir nýbakaða móðurina. Á leiðinni rakst hún á vertinn á Uppsölum, sem að tók þéttingsfast undir hendina á henni og sleppti ekki því taki næstu 55 árin.

Margrét fór aftur til Reykjavíkur að áliðnu sumri, en í byrjun árs 1944, nánar tiltekið 13. janúar er sagt frá hjónaefnum í Morgunblaðinu og þar kemur m.a. fram:

> Hjónaefni: Nýlega opinberuðu trúlofun sína ungfrú Grjeta Leós, Reynimel 43 og Jóhann Júlíusson stýrim., Uppsölum, Ísafirði. (Morgunblaðið, 13. janúar 1944, bls. 10).

Séra Jón Thorarensen gaf þau síðan saman í heilagt hjónaband á heimili sínu þann 8. mars 1945 og var einnig greint frá því bæði í Morgunblaðinu og Alþýðublaðinu.

Í viðtali í Dagblaðinu -Vísi árið 1988 segir Jóhann að Margréti hafi hann nappað til sín með lagni og endað með því að hann sótti hana suður þar sem hún var ráðskona

Námsmeyjar í Húsmæðraskólanum Ósk á Ísafirði, Margrét er fremst á myndinni til vinstri. (Ljósmynd: M. Simson).

Veitingastaðurinn Uppsalir á miðri mynd, þar er nú verslunin Þristur – Ormsson (Ljósmynd: Ágúst Leós).

hjá bræðrum sínum. Margrét bætir við: „Jú hann náði sko bara í mig" og blaðamaður sagði að ekki leyndi sér að rómantískar minningar kæmu upp í hugann. Þau hafi síðan litið hvort á annað og flissað eins og nýtrúlofaðir unglingar – sjötíu og fjögurra og sjötíu og sex ára gömul.

Jóhann hvíslar svo að blaðamanni að samband þeirra hefði ekki getað verið betra, farsælt og ljómandi gott alla tíð. Það fer heldur ekki framhjá neinum sem á með þeim einhverja stund. (Dagblaðið Vísir – DV, 29. júlí 1988, bls. 20).

Jóhann Júlíusson og Margrét Leósdóttir um 1950. (Ljósm. Ágúst Leós).

Margrét og Jóhann hófu búskap á efri hæðinni í Hafnarstræti 5, en þar hafði þá verið innréttuð íbúð og skrifstofa. Á neðri hæðinni var Verslun Leós Eyjólfssonar, sem flutti um líkt leyti af Felli, sem stóð við hliðina á hinu nýinnréttaða húsi.

Um svipað leyti ákváðu bræðurnir Jóhann og Þórður að hætta rekstri veitingastaðarins Uppsala og snúa sér að öðrum verkefnum. Segja má að hugmyndir þeirra hafi verið margar og fjölbreyttar.

Breska herstöðin í Aðalvík

Þegar Bretar hernámu Ísland voru þeir að þróa mikla nýjung, sem gafst vel í hernaði, ratsjártæknina. Hernaðarlegt mikilvægi siglingaleiða meðfram Vestfjörðum varð til þess að þeir settu upp, fljótlega eftir hernám Íslands, ratsjárstöð í Aðalvík. Þegar stríðinu lauk vorið 1945 var hluti eignanna auglýstur til sölu. Á þessum tímamótum festi hann kaup á eignum ratsjárstöðvarinnar. Hann fór síðan ásamt Þórði bróður sínum og fleiri mönnum til Aðalvíkur og flutti ýmislegt nýtilegt til Ísafjarðar. Með í kaupunum fylgdu tveir litlir vörubílar, annar þeirra var bilaður. Jóhann sagði oft frá því að hann var ánægður þegar hann seldi bilaða bílinn á Bæjarbryggjunni fyrir hærri upphæð, en hann gaf fyrir stöðina alla. Í bifreiðaskrá Ísafjarðarkaupstaðar og Ísafjarðarsýslna fyrir árin 1930-1945 kemur fram að 14. ágúst 1945 var Þórður Júlíusson skráður eigandi að bifreiðinni Í-92, Bedford vörubíl af gerðinni OXD 10810 með 30 hestafla vél. Þessi gerð gat borið 1,5 tonna farm, en eigin þyngd þeirra var 2,4 tonn. Friðþór Eydal, sem er sérfróður um hernaðarumsvif í Aðalvík staðfesti að þessi tegund bifreiða var í ratstjárstöðinni íAðalvík. Nokkru síðar, eða 10. desember var bíll sömu gerðar skráður númer Í-97 í eigu Bóasar Guðmundssonar. Má telja nokkuð víst að um sé að ræða bilaða bílinn, sem seldur var á Bæjarbryggjunni um sumarið.

Á þessum árum hófu þeir bræðurnir , Jóhann og Þórður , fiskkaup og fiskverkun, en þeir hafa jafnan

Tjaldsvæði og sundlaugar í Ísafjarðarbæ

Tjaldsvæðið í Tungudal
Þvottavél og þurrkari
gegn gjaldi.
Sími: 864-8592

Tjaldsvæðið á Flateyri
við N1-skálann
Sími: 450-8460
Netfang: tjald@isafjordur.is

Tjaldsvæðið á Þingeyri
Þingeyrarodda,
Sími: 450-8470
Netfang: tjald@isafjordur.is

Verðskrá tjaldsvæða í Tungudal, á Flateyri og á Þingeyri
Pr. sólahring

Fullorðnir	1.300
Fullorðnir Flateyri	1.000
Börn 0-16 ára	0
Rafmagn	550

Fjórða nóttin frí. Aldraðir og öryrkjar fá 30% afslátt.

Tjaldsvæðið á Suðurtanga
Verðskrá pr. nótt

Húsbílar, tjaldhýsi/-vagnar, stór tjöld	
2 fullorðnir	2.500 kr
Börn 12-16 ára	500 kr.
Börn 11 ára og yngri	0 kr.
Göngutjöld - lítil tjöld (m.v. 1 fullorðinn)	
1 nótt	1.500 kr.
2 nætur	2.400 kr.
3 nætur	3.600 kr.
aukagestur	500 kr.

Tjaldsvæðið á Suðureyri
við verslun Fisherman
Verðskrá pr. nótt:

Gjald fyrir húsbýla, tjöld og fellihýsi	4.500 kr.
Tengigjald við rafmagn	1.000 kr.

Tjaldsvæðið á Torfnesi

Tjald fyrir 1	1.000 kr.
aukagestur	800 kr.

Dynjandi
Verðskrá:

Fullorðnir	600 kr.
Börn:	0

Flateyrarlaug

Opið:
Mán-fös
10:00-20:00
Helgar
11:00-17:00



Sundhöll Ísafjarðar

Opið:
Mán-fös
10-21
Helgar
10:00-17:00

Suðureyrarlaug

Opið:
Mán-fös
10:00-21:00*
Helgar
10:00-20:00*

*Gildir í júlí. Í júní og ágúst er opið kl.10 - 20 á virkum dögum og 10 - 18 um helgar.

Þingeyrarlaug

Opið:
Mán-fös
08.00-21:00
Helgar
10:00-18:00

verið mjög samhentir og haft með sér samvinnu um framkvæmdir. (Blaðið Ísfirðingur, 4. apríl 1962, bls. 1).

Fiskverkun og bílaútgerð

Þegar leið á fimmta áratug aldarinnar hóf Jóhann rekstur vöru- og leigubifreiða í samstarfi við Þórð bróðir sinn. Sinntu þeir ýmsum verkefnum m.a. hafnargerð og einnig fór Jóhann oft með Kjartan Jóhannsson lækni í vitjanir ef ófærð var mikil. Um þetta leyti hófu þeir bræður að taka ís af tjörnum til kælingar á afla togara. Þetta var mikil erfiðisvinna, fóru á vörubílum inn að Kirkjubæ eða upp á heiði, brutu klakann og settu upp á bílana. Síðan var ísinn mulinn í kvörn og komið um borð í togarana.

Stundum fengu þeir ísinn greiddan með fiski og hófu þá að verka fisk. Á árunum eftir 1950 keyptu þeir einnig alla keilu, sem féll til af línubátunum og verkuðu hana í skreið. Fram til þessa hafði hún verið verðlítil en var orðin verðmæt útflutningsvara til Afríkulanda.

Bræðurnir stunduðu einnig leigubílaakstur og um tíma átti Jóhann bíl af gerðinni Oldsmobile með númerinu Í -7. Nokkru síðar eignuðust þeir Chevrolet Tudair árgerð 1955 og fékk hann skráningarnúmerið Í-270. Bílinn notuðu þeir til leigubílaaksturs, en þetta númer átti eftir að fylgja þeim síðar. Ökukennslu sinnti Jóhann einnig um árabil og margir ungir menn á þessum tíma, sem lærðu á bíl hjá honum. Líklega krafðist hann sjaldan mikilla launa fyrir hana.

Doson bræður

Umsvif bræðranna byggðu á því að þeir vildu vera sjálfstæðir og treysta eingöngu á sjálfa sig. Þeir mótuðust af uppeldinu hjá foreldrum sínum í Fljótavík, eða eins og faðir þeirra orðaði á sínum tíma:

> Ég hefi allt frá bernsku viljað vera sjálfstæður í mér og reyna að bjarga mér sjálfur. (Vesturland, 28. janúar 1954, bls. 3).

Árið 1952 var íslenska fiskveiðilögsagan færð út í 4 sjómílur. Viðbrögð breskra togaraeigenda voru þau að beita sér fyrir löndunarbanni á íslenskan fisk í Bretlandi. Stóð svo um hríð þar til breskur kaupsýslumaður Dawson að nafni braut á bak aftur löndunarbannið árið 1953 og tókst að sjá um sölu á ferskum íslenskum fiski þar um slóðir.

Ólafur B. Halldórsson segir svo um þetta í minningargrein um Jóhann:

> Þegar sjómennskuferlinum lauk var Jói enn á góðum aldri og stundaði um tíma vörubílaakstur og ökukennslu. Upphaf ævintýris lífs hans var þó þegar hann hóf fiskvinnslu með bróður sínum, Þórði. Um það leyti var umsvifamikill fiskkaupandi í Grimsby í Bretlandi sem keypti íslenzkan fisk í miðri landhelgisdeilu okkar við Breta þrátt fyrir tilmæli þarlendra stjórnvalda um að sniðganga viðskipti við Íslendinga. Nafn hans, Dawson, varð brátt á allra vörum á Íslandi. Þegar umsvif þeirra bræðra hófust, gengu þeir oft undir nafninu Dawson-bræður og varð það að teljast sæmdarheiti því Dawson var um þessar mundir hetja Íslendinga fyrir að bjóða stjórnvöldum sínum birginn
>
> (Morgunblaðið, 23. júlí 2005, minningargrein eftir Ólaf B. Halldórsson).

Á þorrablóti Sléttuhreppinga nokkru síðar var sunginn gamanbragur eftir Pál Janus Þórðarson frá Súgandafirði og þar segir m.a.:

Bræðurnir Doson hér brölluðu margt
bjuggu til mat fyrir hvítt bæði og svart,
hann Þórður minn lifir á negranna neyð,
og nærir þá á alls konar skreið.

Fimm Ísfirðingar taka höndum saman

Bátaútgerð frá Ísafirði dróst mjög saman upp úr 1950 og erfiðleikar steðjuðu að stærsta útgerðarfélagi bæjarins, Samvinnufélagi Ísfirðinga. Nokkrir bátar félagsins höfðu verið seldir á nauðungaruppboði og síðan úr bænum. Erfiðlega gekk að koma öðrum bátum þess á veiðar. Seint í október árið 1954 komu fimm Ísfirðingar saman á heimili Jóhanns Júlíussonar, auk hans voru það Þórður bróðir hans, bræðurnir Guðmundur Guðmundsson skipstjóri og Marías Þ. Guðmundsson og auk þess ungur skipstjóri Ásgeir Guðbjartsson. Á þessum fundi var samþykkt að stofna hlutafélag, sem annaðist útgerð vélbáta og fiskverkun. Guðmundur Guðmundsson hafði samið um leigu á einum bát Samvinnufélagsins, Ásbirni ÍS 12, 43 tonna bát, frá 15. nóvember til loka maí árið 1955 og framseldi þann samning til hins nýja félags. Ákveðið var að ráða Ásgeir Guðbjartsson sem skipstjóra, en hann hafði undanfarin ár verið skipstjóri á Pólstjörnunni, 24 tonna bát frá Ísafirði og fiskað vel. Hið nýja félag, sem fékk nafnið Fiskiðjan hf., tók á leigu svokallað Vöskunarhús, sem stóð í miðbæ Ísafjarðar, rétt fyrir ofan Bæjarbryggjuna. Þar var línan beitt fyrir Ásbjörn og fiskurinn einnig verkaður, aðallega saltaður. Ásbjörn fiskaði vel, landaði 95 tonnum í desember og síðan tæpum 500 tonnum frá áramótum til vertíðarloka í maí. Ekki var sótt í steinbít og þegar leið á vertíðina þurfti að sækja alla leið suður undir Jökul til að ná í þorsk í vinnsluna. Ungi skipstjórinn fór vel með og réri með sömu línuna alla vertíðina, tapaði aldrei bala. Fyrirtækið skapaði strax hátt í tuttugu störf, sem komu sér vel við erfiðar aðstæður í bænum.

Hægt að gera út frá Ísafirði

Útgerð Ásbjarnar þennan vetur sannfærði þá bræður um að vænlegt væri að gera út frá Ísafirði. Fengu þeir til liðs við sig Jón B. Jónsson, sem undanfarið hafði verið skipstjóri á 37 tonna bát frá Súgandafirði. Þremenningarnir stofnuðu ásamt eiginkonum sínum útgerðarfélagið Gunnvöru hf. þann 7. október 1955, sem hafði þann tilgang að kaupa og selja fisk og kaupa á skipi til fiskveiða. Hlutafé var 60 þúsund krónur og var samþykkt á stofnundinum að Jóhann Júlíusson skyldi sinna framkvæmdastjórn.

Nafnið áttu bræðurnir í handraðanum, því árið 1949 keyptu þeir flakið af mb. Gunnvöru RE 81, sem strandaði í Fljótavík, nánast í túnfætinum á Atlastöðum, bóndabæ foreldra þeirra. Björguðu þeir ýmsum hlutum úr flakinu og komu í verð. Nafnið tóku þeir síðan upp sex árum síðar og notuðu á hið nýja útgerðarfélag.

Stjórn Gunnvarar ákvað að leita til Marsellíusar Bernharðssonar, sem rak skipasmíðastöð á Ísafirði, um að

Vélbáturinn Gunnvör ÍS 270 tilbúinn á síldveiðar. (Ljósmynd: Kristján P. Kristjánsson).

byggja 40 – 50 tonna bát. Í bókinni „Gunnvör 40 ára, 1955-1995“ segir svo um framhaldið:

> Jóhanni Júlíussyni segist svo frá þessari ferð: „Ég fer yfir til Marsellíusar og spyr hann að því hvort hann vilji byggja fyrir okkur bát. Já, hann segir: „Þú ert fyrstur í þessari röð.” Það var þar með ákveðið að hann byggði fyrir okkur skip. Þá spurði ég hann hvort við ættum ekki að skrifa samning eða eitthvað í þá veruna. „Nei, nei“ sagði hann, „réttu mér bara hendina, þá er það allt í lagi.” (Gunnvör hf. 1955-1995, bls. 10).

Gunnvör hf. tók á leigu 15 tonna bát, Andvara, og réri Jón B. á honum um haustið og fram í febrúar. Marsellíus og starfsmenn hans tóku á sama tíma til við smíði nýja bátsins á kambinum í Neðstakaupstað á Ísafirði. Gekk smíðin vel um veturinn og þann 21. febrúar 1956 var báturinn sjósettur, 48 tonna trébátur, sterklega byggður og glæsilegur og hlaut hann nafnið Gunnvör ÍS 270. Í byrjun mars var undir skipstjórn Jóns B. Jónssonar haldið til línuveiða,sem voru mannfrekar, vanalega 6 menn á sjó og 5-6 beitningamenn í landi. Þannig voru starfsmenn félagsins strax orðnir tólf og sem dæmi um áhrif slíks atvinnutækis þá var aflaverðmæti Gunnvarar fyrsta heila árið rúmar 1,5 milljónir króna. Aflahlutir og vinnulaun árið 1957 námu rúmlega 700 þúsund krónum og til samanburðar má geta þess að heildartekjur Ísafjarðarkaupstaðar þetta sama ár voru tæpar 9 milljónir króna.

Útgerð þriggja báta

Fyrstu tíu árin var skrifstofuhald Gunnvarar á heimili Jóa og Grétu, fyrst á efri hæðinni í Skóbúðinni að Hafnarstræti 5 og síðan í Hafnarstræti 7 eftir að þau fluttu þangað. Árið 1961 tók Jóhann einnig að sér framkvæmastjórn hjá útgerðarfélaginu Magna hf., sem gerði út 60 tonna bát, Gunnhildi ÍS 246. Hún strandaði þá um vorið á Óshlíð, en var bjargað af strandstað og gert við skemmdirnar í slippnum á Torfnesi. Seint í nóvember 1961 hóf hún aftur línuveiðar frá Ísafirði.

Það var oft erill á heimilinu og gestkvæmt þegar þar var skrifstofa fyrir útgerð þriggja báta og starfsmennirnir komnir á fjórða tuginn. Farsímar voru ekki komnir til sögunnar á þessum árum og það kom því oft í hlut húsmóðurinnar að svara símanum, taka skilaboð og greiða úr málum. Jóhann þurfti að sinna mörgum hlutum, beitningaskúrar voru í Glámu á horni Fjarðarstrætis og Sólgötu, þar voru tíu til tólf beitningamenn á Gunnvöru og Gunnhildi að störfum yfir vetrartímann. Þá tíðkaðist samkvæmt kjarasamningum að laun voru gerð upp í lok vertíðar, en starfsmenn gátu fengið greitt upp í þau á tímabilinu. Eiginkonur sjómanna komu oft til að fá peninga og einhleypir sjómenn einnig oft um helgar ,jafnvel á laugardagskvöldi, til að fá fyrir útgjöldum helgarinnar.

Auk þess var Jóhann í stjórn Íshúsfélags Ísfirðinga hf. frá árinu 1958 og á þeim árum voru mikil umsvif í rekstri og uppbyggingu húsakosts.

Nokkru síðar tók Jóhann forstofuherbergi, sem þau höfðu leigt Framsóknarflokknum, undir skrifstofu fyrir Gunnvöru og Magna, enda voru umsvifin orðin töluverð. Sem dæmi um það má nefna að árið 1964 bar Guðrún Jónsdóttir um 5.200 tonn að landi, Gunnhildur rúm 1.300 tonn og Gunnvör um 700 tonn eða samtals rúm 7.200 tonn. Aflaverðmæti þessara þriggja skipa hefur að öllum

Guðrún Jónsdóttir ÍS 267 með fullfermi af síld í Reykjavíkurhöfn. (Ljósmynd: Eyjólfur Leós).

ÍSFIRÐINGAFÉLAGIÐ • STOFNAÐ 1945 •

Eftirtalin fyrirtæki og stofnanir óska Ísfirðingum góðs gengis árið 2013

Olíufélag Útvegsmanna hf.
Hafnarhúsinu, 400 Ísafjörður, sími: 456 3245

Hamraborg ehf.
Hafnarstræti 7 • 400 Ísafirði
Sími 456 3166 • Fax 456 4766

Fjórðungssamband Vestfirðinga
Árnagötu 2–4 • Ísafirði • Sími: 450 3000

Kaupfélag Steingrímsfjarðar
Höfðatúni 4 • 510 Hólmavík • Sími: 455 3100
Essó skálinn - Opið 9–23,30

Vélsmiðja – Blikksmiðja
Þristur hf.
Sindragötu 8 • 400 Ísafjörður • Sími 456 4750

EFNALAUGIN ALBERT ehf
Sindragata 14 • 400 Ísafjörður • Sími: 456 4670

oddi hf.
Oddi hf.
Patreksfirði
Eyrargötu • Sími 450 2100

Hertz
522 44 00 | hertz@hertz.is | www.hertz.is

Íslandsbanki
Suðurlandsbraut 14,
108 Reykjavík • Sími 440 4000

Endurskoðun Vestfjarða ehf.
Aðalstræti 19 • 415 Bolungarvík • Sími: 450 7900

SAMBAND SPARISJÓÐA
Sparisjóður Bolungarvíkur
Aðalstræti 14 • Bolungarvík • Sími 450 7100
Aðalgötu 8 • Suðureyri

LYFJA
Ísafjörður, Bolungarvík, Þingeyri, Patreksfjörður

Lífeyrissjóður Vestfirðinga
Brunngötu 7 • 400 Ísafjörður • Sími 456 4233

Ísblikk ehf, blikksmiðja,
Árnagötu 1, Ísafirði, símar: 456 5550

Bókhaldsstofan Fagverk
Aldís Rögnvaldsdóttir
Bíldshöfða 14 • 110 Reykjavík • Sími: 595 0113 • Fax: 595 0151

Vestfirskir verktakar
Skeiði 3 • 400 Ísafirði • Sími: 456 6600

Sjúkraþjálfun Vestfjarða ehf.
Eyrargötu 2, • 400 Ísafirði • Sími:456 3700 • Fax: 456 3701

Þorbjörn hf.
Hafnargötu 12 • 240 Grindavík • Sími: 420 4400 • Fax: 420 4401

ÞRYMUR HF. – Vélsmiðja Ísafirði
Suðurgötu 9 • 400 Ísafjörður • s. 456 3711

Húsasmiðjan/Blómaval
Mjallargötu 1 • 400 Ísafirði • Sími: 450 3300

líkindum verið um 13 milljónir króna, sem var álíka upphæð og áætlaðar tekjur Ísafjarðarkaupstaðar af útsvari, aðstöðugjöldum og fasteignasköttum.

Skóverslunin

Eftir að bræður Margrétar, Ágúst og Kristján, féllu frá á níunda áratugnum tók Margrét að sér að reka Skóverslunina og sinnti þeim störfum af kostgæfni. Þegar Jóhann hætti vinnu við útgerð og frystihús fór hann að hjálpa til í búðinni. Á góðviðrisdögum stóð hann oft fyrir utan búðina og tók þá tali, sem leið áttu hjá. Hann sagðist bara vera að hjálpa konunni, svona til gera eitthvað, en hefði gaman að þessu og þetta væri líflegt. Eitt sinn átti blaðamaður Dagblaðsins - Vísis leið um Ísafjörð og rak augun í auglýsingu í búðinni um að gúmmískórnir væru komnir og var forvitinn um hvort þeir væru virkilega til sölu ennþá.

> Eins og fyrr segir varð þar fyrir svörum eldhress karl, Jóhann Júliusson, sem sagði að gúmmískórnir væru alltaf vinsælir þarna fyrir vestan og var fremur hissa á þessari spurningu.
>
> Borgarbarninu var brugðið því „svörtu tútturnar" bara til í fjarlægum bernskuminningum og þóttu ekkert sérlega sniðugar – öllu heldur fremur hallærislegar. En börn á Ísafirði og eflaust á öðrum stöðum landsins geta vart hugsað sér lífið án gúmmítúttanna.
>
> Ekki nóg með að borgarbarninu opnaðist nýr heimur gúmmítúttanna heldur kom í ljós að það var statt inni í elstu skóbúð landsins og var búið að kynnast sérdeilis skemmtilegu og sérstöku fólki. (Dagblaðið – Vísir, 29. júlí 1988, bls. 20).

Blaðamaður lýsti síðan andrúmsloftinu í búðinni á þennan hátt.

> Af miklum eldmóði afgreiða þau skó og fylgja vingjarnlegheitin með. Þau þekkja flesta með nafni sem inn koma og spurt er frétta á báða bóga. Ósvikið andrúmsloft kaupmannsins á horninu, þess sem er búinn að syngja sitt síðasta í höfuðborginni og hefur nauðugur viljugur orðið að víkja fyrir stóru verslunarsamstæðunum. (Dagblaðið –Vísir, 29. júlí 1988, bls. 20).

Margrét og Jóhann við afgreiðslu í Skóverslun Leós. (Ljósm. Dagblaðið-Vísir).

Árlega messa Ísfirðingafélagsins var haldin í Neskirkju

Frú Agnesi Sigurðardóttur, biskup Íslands, þarf ekki að kynna fyrir lesendum Vestanpóstins. Dóttir hjónanna sr. Sigurðar Kristjánssonar, sóknarprests Ísfirðinga, og Margrétar Hagalínsdóttur, fædd og uppalin á Ísafirði og starfandi sóknarprestur í Bolungarvík þegar hún var kosin til embættis biskups Íslands, fyrst kvenna, sl. vor. Agnes var nýkjörin sem biskup, en hafði ekki tekið við embættinu, þegar hin árlega messa Ísfirðingafélagsins var haldin í Neskirkju, sunnudaginn 20. maí 2012. Sr. Örn Báður Jónsson sá um messugjörð, líkt og undanfarin ár og sr. Agnes flutti meðfylgjandi prédikun. Fjölmenni var við messuna og í messukaffi á eftir, líkt og sjá má á ljósmyndunum, sem teknar voru af Brynjólfi Óskarssyni.

Prédikun.

Signing. Náð sé með yður og friður, frá Guði föður vorum og Drottni Jesú Kristi. Amen

Snæfjallaströndin var böðuð geislum sólarinnar þegar ég fór að heiman í gær. Ströndin bar nafn með rentu og Sléttan og mynni Jökulfjarðanna var einnig snævi þakið og bjart yfir að líta í sólskininu. Ég hef haft Snæfjallaströndina fyrir augum mestan hluta lífsins en nú verður breyting á.

Það voru líka breytingar í aðsigi hjá lærisveinum Jesú þegar hann talaði til þeirra forðum. Við heyrðum lesið úr skilnaðarræðu Jesú frá altarinu áðan, en þar talar Jesús við lærisveinana og segir þeim frá því að innan skamms muni hann yfirgefa þá. En hann ætlaði ekki að skilja þá eftir eina, heldur sendi hann þeim hjálpara, andann heilaga, sannleiksandann, eins og hann er nefndur í guðspjalli dagsins. Sannleiksandinn mun vitna um Jesú og það eiga lærisveinarnir líka að gera.

En hvað er það að vitna um Jesú? Er það það að standa niðrá torgi og segja frá honum og eða trúarreynslu sinni? Er það það að prédika með orðum eingöngu? Að vitna um Guð hefur ekki bara með orð að gera. Að vitna um Guð er að lifa lífinu þannig að það verði öðrum dýrmætt og laði fram hið góða og auki þeim styrk. Og það er líka umhugsunarvert að þakklæti og Guð heyra saman, því þar sem þakklætið er, þar er Guð.

Ég hef búið fyrir vestan mestan hluta ævi minnar og horft á Snæfjallaströndina nánast hvern dag í samtals 40 ár. Snæfjallaströndin sést frá Ísafirði og líka frá Bolungarvík. Sjónarhornið er ekki það sama en Ströndin stendur örugg og augu margra horfa á hana á degi hverjum.

Listmálarinn Örn Báður færði verðandi biskupi málverk af Bolunarvík að gjöf, sem hann hafði nýlega málað.

> Öflugri landsbyggð í alfaraleið

Þann 18. mars verða þáttaskil í sjóflutningum af landsbyggðinni þegar Samskip hefja siglingar á nýrri leið sem tengir Akureyri, Ísafjörð og Reyðarfjörð beint við markaði í Evrópu.

Við erum stolt af því að geta boðið innlendum og erlendum viðskiptavinum okkar þann hraða, hagkvæmni og sparnað sem hlýst af greiðari leið vörunnar til viðskiptavinarins.

samskip

www.samskip.com

Saman náum við árangri

Vefverslun á að virka alls staðar

Meira en helmingur Íslendinga notar netið með farsímum og spjaldtölvum. Er þín vefverslun tilbúin? Fáðu frekari upplýsingar á borgun.is/vefgreidslur eða í síma 560 1600.



Inngangur
að lögfræði
3.350 kr.

3 nætur
á Mývatni
46.370 kr.



Ketilbjöllur
8.390 kr.

JÓNSSON & LE'MACKS • jl.is • SÍA

Með Borgun tekur þú við öllum kortum
– hvar og hvenær sem er

BORGUN
AUÐVELDAR VIÐSKIPTI

Ármúla 30 | 108 Reykjavík | Sími 560 1600 | www.borgun.is